

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til skólastarfs á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla er undir lög þessi falla. Þeir eru: fjölbrautaskólar, iðn- og verkmenntaskólar, menntaskólar, svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi. Einstakar skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki. Setja skal reglugerð um sérskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

Hið íslenska kennarafélag.

Í frumvarpinu er hvergi getið um framhaldsdeildir sem nú eru víða reknar sem útibú framhaldsskóla en eru í raun sérdeildir við grunnskóla. Ef fyrirhugað er að leggja af rekstur framhaldsdeilda þarf að vera ljóst hvernig og hvort hægt er að sinna þörfum nemenda um hinar dreifðu byggðir landsins um framhaldsnám án þess að það verði óbærilegur fjárhagslegur baggi á þeim og fjölskyldum þeirra.

II. KAFLI

Hlutverk.

2. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendum undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.

Framhaldsskólinn skal leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til stöðugar þekkingarleitar.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

1. málsgrein. „...taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.“ Tekið er sérstaklega undir þetta hlutverk framhaldsskólans.

2. málsgrein. Engin athugasemd. Hins vegar er rétt að skilningur umsagnaraðila í hugtakinu „sjálfstraust“ komi hér fram. Sjálfstraust er undirstaða þess að einstaklingurinn geti nýtt þekkingu sína og tekið „virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi“ sbr. 1. málsgrein 2. greinar frumvarpsins. Í orðinu „sjálfstraust“ felst mikilvæg krafa um nýja og breytta kennsluhætti. Kenna þarf nemendum á þeirra eigin forsendum þ.e.a.s. að kenna þeim á þann hátt sem hentar best miðað við þroska og persónuleika þeirra, fyrri þekkingu, áhugasvið og getu. Til að geta tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi þarf einstaklingurinn að geta tjáð hugsanir sínar í ræðu og riti. Því verður að leggja áherslu á að þjálfá nemendur í munnlegri framsetningu ekki síður en í ritgerðasmíð. Á þessu sviði þarf að bæta þekkingu kennara. Sá sem telur sig skorta getu

til að tjá sig í ræðu skortir sjálfstraust. Hér verður skólinn að skila sínu hlutverki. Ekki verður séð að vilji löggjafans að þessu leyti verði betur sýndur en í 2. grein frumvarpsins með orðinu sjálfstraust.

Hið íslenska kennarafélag.

Ekki er getið um rétt nemenda til þess að ljúka námi. (Mætti þó eiga við 15. grein).

Félag íslenskra myndlistarkennara.

1. Í annarri grein frumvarps til laga um framhaldsskóla segir:

„Hlutverk framhaldsskóla er að *stuðla að alhliða þroska* allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.

Framhaldsskólinn skal leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningar verðmæta og hvetja til stöðugrar þekkingarleitar“.

2. Í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu (júní 1994 bls. 59) segir:

„*Stuðla þarf að aukinni víðsýni nemenda, þjálfa þá í gagnrýnni hugsun og hvetja til stöðugrar þekkingarleitar. Efla þarf frumkvæði nemenda og þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum. Loks er mikilvægt að skólinn kenni nemendum að njóta menningarlegra verðmæta, m.a. með því að kynna þeim ýmis svið listrænnar sköpunar. Hlutverk framhaldsskólans er þannig ekki einvörðungu að miðla þekkingu heldur að skapa nemendum skilyrði til alhliða persónuþroska“.*

Í skýrslunni er ennfremur talað um nauðsyn þess að setja í „ratvískjarna“ framhaldsskólanna námsþætti sem dýpka skilning nemenda á sjálfum sér og samfélaginu svo sem sögulegum forsendum, atvinnuháttum, *menningu og listum*, náttúru og umhverfisvernd o.fl.

Félag íslenskra myndlistarkennara getur ekki séð að það frumvarp sem liggja nú fyrir Alþingi taki á þeim háleitu markmiðum sem er í 2. grein frumvarpsins og í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu. Þetta virðast vera orðin tóm meðan ekki er fastur áfangi í listum og lista- og menningarsögu í grunnkjarna framhaldsskóla.

Það er miður ef íslensk ungmenni eiga áfram að standa að baki nágrannapjóðunum hvað varðar þekkingu á listum og menningu. Víst eiga margar þjóðir lengri hefð hvað það varðar að upplifa sjálfa sig sem menningarþjóðir og eru ástsælustu listamenn fortíðarinnar þjóðhetjur. Sem dæmi um þekkingarskort margra íslenskra framhaldsskólanema á myndlist má nefna að í spurningakeppni framhaldsskóla sem haldin er árlega er sjaldgæft ef tekst að svara einhverri listasöguspurningu rétt.

Varla þarf að nefna vægi myndmálsins á allri miðlun nútímans og gildi þess að ungmenni geti lesið það og eru meðvitaðir um hvað liggja að baki því.

Samkvæmt Aristóteles og fleiri heimspekingum er líf án menningar afskræing lífsins. Upphafleg merking orðsins „kúltúr“ eða menning er dregin af orðinu að rækta eða skapa. Listsköpun vikkar út skilning og dýpkar tilfinningalífið. Að njóta lista er að næra tilfinningalífið og vitsmuni. Það þarf að læra til að njóta. Leið uppeldis í gegnum listir er leið sem getur skilað markverðum árangri svo úr verði kraftmikill, gagnrýnn, sjálfstæður einstaklingur sem er óhræddur við að fara eigin leiðir. Skapandi einstaklingur, frumkvöðull sem þorir að standa að nýsköpun og leita sér þekkingar þegar á þarf að halda.

Ef skoðaðar eru staðlaðar námsgreinar sem byggðar eru á ákveðnum staðreyndum

vantar oft í þær snertingu við reynsluheim nemandans og tengingu við persónulegt mat hans svo hann vinni út frá því. Maðurinn skapar sér mannheim með umbreytingu efnisins með vinnu sinni. Vinna getur bæði ánauð og skapandi starf. Annars vegar er það skapandi vinna sem byggir á hugsun og svo vinna sem hrein nauðung.

Leið lista í uppeldi og námi er leið sem gefur einstaklingum færi á því að ná þroska sem sjálfstæð hugsandi manneskja og geri hann þannig færan um að velja sér skapandi líf og starf.

Félag íslenskra myndlistarkennara leitar til menntamálanefndar Alþingis og fer fram á að samræmdur áfangi í lista og menningarsögu sem inniheldur grunnhugtök í myndlist, myndlestur, safnaferðir verði settur í kjarnanám framhaldsskóla.

III. KAFLI

Starfstími.

3. gr.

Árlegur starfstími nemenda í framhaldsskólum skal vera 9 mánuðir. Þar af skulu kennsludagar ekki vera færri en 150. Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfstíma skóla og leyfisdaga.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

Lýst er stuðningi við þá breytingu frá núverandi fyrirkomulagi sem er að finna í ákvæði 3. greinar um árlegan starfstíma framhaldsskólans. Jafnframt skal bent á að eðlilegt er að framhaldsskólinn starfi allt árið og það verði á hendi skólanefndar og skólameistara að ákveða frekar um starfstíma og tilhögun starfseminnar. Hér er m.a. átt við að það hlýtur að vera hluti af gæðastefnu hvers skóla að hann geti hlutast að nokkru til um hvaða eftir- og starfsmenntun starfslið hans sækir. Það liggur í hlutarins eðli að slíkt nám þarf starfslið skólans að geta sótt allt árið.

Þá er eðlilegt að framhaldsskólinn veiti nemendum sínum þjónustu utan venjulegs starfstíma s.s. vegna þess að þeir vilja flýta för sinni gegnum skólann eða að þeir þurfa á meiri aðstoð að halda en fjöldinn. Skólahúsnæði er bundið fjármagn og það hlýtur að vera brýnt að nýta slíkar fjárfestingar sem best. Það getur ekki talist eðlilegt að húsnæði þurfi á tveggja mánaða orlofi að halda á hverju ári heldur megi nýta það til fullnustu. Því væri eðlilegast að í þriðju grein kæmi fram að framhaldsskólinn starfi allt árið og lágmarksfjöldi kennsludaga tiltekinn.

Skólameistarafélag Íslands.

SMÍ telur eðlilegt að í 3. gr. sé einungis kveðið á um að árlegur starfstími nemenda í framhaldsskólum skuli vera 9 mánuðir. Óþarfi er að binda í lögum fjölda kennsludaga. Hins vegar þarf að endurskoða kjarasamninga þannig að starfstími kennara verði lengdur í 9½ mánuð og geti hafið störf t.d. upp úr miðjum ágúst.

Félag áfangaskóla.

Tillögur í upphaflega frumvarpinu um almenna lengingu skólaársins hlutu veruleg andmæli frá mörgum, studd ýmsum gildandi rökum, og þær tillögur hafa nú verið felldar út úr frumvarpinu. Ýmislegt mælir þó með því að þeim nemendum sem geta og vilja verði gert kleift að stunda skólanám lengri tíma ársins en nú er raun á. Það væri hægt að gera með því að taka upp sumarönn í áfangaskólum. Þá ættu nemendur þess kost að flýta sér án þess að í kjölfarið fylgdi að allir aðrir yrðu til þess neyddir. Í áfangakerfi er eðlilegt að námstími sé ekki sá sami hjá öllum og námslok eru þar miðuð við árangur og afköst nemandans í námi

en ekki árafjöldann sem hann situr á skólabekk.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að lögbinda 150 kennsludaga á ári að lágmarki. Félag áfangaskóla bendir á að útilokað sé að ná því marki innan 9 mánaða tímabils nema skólaárið sé látið byrja fyrr en nú er.

Samlíf - Samtök líffræðikennara.

Nýta á betur en nú er 9 mánaða starfstíma með ekki færri en 150 kennsludögum. Ekki verður séð hvernig þetta kemur heim og saman við núverandi ástand. Engar tillögur um útfærslu liggja fyrir í frumvarpinu eða greinargerðum með því. Ljóst er að taka verður kjarasamninga kennara til gagngerðrar endurskoðunar ef þetta á að ganga upp.

Menntaskólinn við Sund.

Tekið er undir þá stefnumörkun að *starfstími nemenda skuli vera níu mánuðir*. Í því sambandi skal þó minnt á að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að bæta nýtingu núverandi starfstíma skólanna með viðeigandi breytingum á kjarasamningum kennara. Óraunhæft er þó að ætla að slík breyting náist fram án þess að nokkru sé til kostað.

Hins vegar eru ákvæði frv. um *fjölda kennsludaga á skólaárinu óraunhæf* með öllu. (Miðað við hve frv. er á stundum opið og ákvæði þess almenn gegnir nokkurri furðu að jafn sértækt atriði og fjöldi kennsludaga sé bundið í lög.) Flestir skólamenn gætu tekið undir að ná mætti fram lengingu á kennslutíma um *eina viku á hvorri önn* (þ.e. fjölgun í 140 kennsludaga) með hliðrun skólaársins (þ.e. að horfið verði frá viðmiðun níu mánaða starfsársins við almanaxsmánuði) og með niðurfellingu nokkurra frídaga (1. des., óskudagur, dagar á dymbilviku) án verulegrar breytingar á starfsháttum að öðru leyti. Ber þá enn að sama brunni að um slíkt þyrfti þá að semja við samtök kennara.

Í bekkjakerfissskóla á borð við MS eru *öll stúdentspróf yfirlitspróf* og taka nemendur einhver slík próf öll námsár sín í skólanum og eðli málsins samkvæmt falla öll próf á síðasta námsári í þann flokk. Á slíkum prófum er námsefni til prófs mun meira en á venjulegum prófum og próftími lengri. Því hlýtur jafnt undirbúningur nemenda sem úrvinnsla kennara og prófdómara að verða nokkuð tímafrek. Að okkar dómi er þó mjög *lærdómsríkt fyrir nemendur* að búa sig undir að þreyta slík próf. Er í þessu sambandi full ástæða til að gera athugasemd við þá skoðun sem alls staðar skín í gegn hjá frv. höfundum að nám fari einungis fram í svokölluðum kennslutíma. Þá er mjög erfitt að sjá hvernig má koma því heim og saman að *innleiða samræmd próf* í framhaldsskólum og ætla sér á sama tíma að *stytta prófatíma* verulega frá því sem nú er.

Þá skal í tengslum við þennan kafla frv. áréttað að níu mánaða starfstími nemenda kallar á *lengdan starfstíma kennara umfram nefnda níu mánuði*. Slíkt er óhjákvæmilegt ef hugmyndir og tillögur frv. um gerð skólanámsskrár, sjálfsmat skóla á innra starfi sínu o.fl. eiga að verða að veruleika. Það aukna vinnuframlag hlyti að verða að meta kennurum til launa sérstaklega.

Iðnskólinn í Reykjavík.

Skólanefndin telur eðlilegt að í 3. gr. sé einungis kveðið á um að árlegur starfstími nemenda í framhaldsskólum skuli vera 9 mánuðir. Nefndin telur varla eðlilegt að binda alveg fast fjölda kennsludaga, þó mætti setja ytri mörk þannig að kennsla sé innan ákveðinna marka. Semja þarf við kennara um breyttan og sveigjanlegri vinnutíma.

Hið íslenska kennarafélag.

Gert er ráð fyrir að „starfstími nemenda“ sé níu mánuðir og kennsludagar 150. Í

núgildandi lögum segir að „starfstími framhaldsskóla“ skuli „eigi vera skemmri en níu mánuðir“. Ef gert er ráð fyrir að nemendur starfi í skólunum fulla níu mánuði verður að gera ráð fyrir að starfstími kennara verði nokkru lengri. Hvergi er í frumvarpi eða greinargerð skilyrt að þessi breyting sé háð því að um breyttan starfstíma semjist við kennara.

Vel má vera að unnt sé að minnka prófatíma í framhaldsskólum en það gerist ekki með öðrum hætti en þeim að fækka prófum. Í frumvarpinu er annars staðar lagt til að prófum verði fjölgað og tekin upp samræmd próf í framhaldsskólum. Vísa má einnig til þess að gert er ráð fyrir stórauðinni flokkun nemenda sem varla verður gerð með öðru móti en prófum.

Á bak við hugmyndina um að auka kennslutíma og minnka prófatíma gægist býsna einfeldningsleg skoðun á sambandinu á milli kennslu og námsmats og hvernig það ferli sem kallað er nám fer fram. Ef verið er í frumvarpinu að leggja til umfangsmiklar grundvallarbreytingar á námsmati má vel athuga það en slíkt kemur hvorki fram í frumvarpi né greinargerð.

Félag sögukennara.

Engin ákvæði eru um þann tíma sem nám til stúdentsprófs í íslenskum framhaldsskóla á að taka. Æskilegt væri að slíkt væri afmarkað í lögnum þar sem skortur á ákvæði um þetta atriði býður því heim að ákvörðun um lengd náms til stúdentsprófs verði tekin án lagasetningar. Æskilegt er að lögin afmarki árafjölda eða einingafjölda náms til stúdentsprófs því annars er hætta á einhliða ákvörðun námslengdar án umræðu um þörf fyrir framhaldsmenntun eða gildi hennar. Greinin er „loðin.“

Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum.

Vinnutími - kjaramál:

Allar breytingar á vinnutíma og öðru sem lúta að kjörum kennara og stjórnenda hljóta að kalla á endurskoðun kjarasamninga. Þá teljum við ákvæði 3. gr. um kennsludaga ekki raunhæft miðað við 9 mánaða starfstíma. Það myndi minnka vægi prófa, sem við teljum ekki æskilegt. Próf í lok annar eru nemendum mikil hvatning til upprifjunar og nauðsynlegur mælikvarði á námsárangur þeirra. „Símat“ sem liður í kennslu er vel þekkt í viðskipta- og hagfræðigreinum en getur ekki, að okkar mati, komið í stað venjubundinna lokaprófa.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Við erum sammála ákvæðum um níu mánaða starfstíma og teljum, að í fyrstu atrennu sé brýnast að semja við kennarafélögin um þá breytingu á kjarasamningi, að ákvæði um almanaksmánuði falli út; þá er hægt að hliðra til milli missera, byrja skólastarf um miðjan ágúst. En fyrst og síðast eru þetta samningsatriði milli fjármálaráðherra og kennarafélaganna, og er fjarska bagalegt, að menntamálaráðherra skuli ekki fara með samningamál fyrir kennara.

Framhaldsskóli Vestfjarða.

Orðið „150“ breytist í „140“. Þetta er eindregið lagt til, vegna þess að naumast er unnt að koma 150 kennsludögum heim og saman við ákvæðið um níu starfsmánuði, né heldur við kjarasamninga.

IV. KAFLI

Stjórnun.

4. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og ber ábyrgð á aðalnámskrá, eftirliti með skólastarfi og námsefni, ráðgjöf um kennslu og pró-

unarstarf í framhaldsskólum, söfnun og dreifingu upplýsinga um skólastarf.

Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla og annast fjárhagslegt eftirlit svo og eftirlit með því að framhaldsskólar hafi fullnægjandi aðstöðu hvað varðar húsnæði og búnað.

Hið íslenska kennarafélag.

Í frumvarpinu er yfir fjörutíu sinnum sagt að menntamálaráðherra geri eitt og annað. Í gildandi lögum er yfirleitt talað um menntamálaráðuneytið. Felst í þessu einhver stefnubreyting í löggjöf þar sem breyta á öllum lögum í þá átt að nú komi ráðherra í stað ráðuneytis? Ef um slíka stefnubreytingu Alþingis er að ræða er rétt að það komi einhvers staðar fram og sé þá samræmi í þeim frumvörpum sem samþykkt verða frá Alþingi.

Ef ekki er um slíka lagatæknilega stefnubreytingu að ræða er vandséð hvaða tilgangi þessi breyting þjónar nema að það sé ætlun frumvarpshöfunda að auka með þessu persónulegt vald ráðherra til þess að taka ákvarðanir. Ekki verður séð hvernig það samrýmist yfirlýstum markmiðum um valddreifingu. Í þessari grein væri eðlilegt að taka fram að ráðherra ætti sérstaklega að líta eftir því að fjárveitingar til framhaldsskóla dugi til þess að uppfylla ákvæði 2. greinar.

Félag kennara í tré og byggingagreinum.

Innskot undirstr.: „ráðgjöf um kennslu og þróunarstarf í framhaldsskólum.“

Félag sögukennara.

Æskilegt væri að breyta þessu ákvæði svo að í stað „menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og ber ábyrgð á o.s.frv.“ komi „menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til, ber ábyrgð á framkvæmd þeirra og felur menntamálaráðuneyti að annast aðalnámskrá o.s.frv.“

Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Í 4. grein er fjallað um ábyrgð ráðherra, og er hún þeygi lítil. Það stingur okkur í augun, að ráðherra ber ábyrgð á, að „framhaldsskólar hafi fullnægjandi aðstöðu hvað varðar húsnæði og búnað.“ Það er vitaskuld álitamál, hvað er fullnægjandi aðstaða. Við fullyrðum, að nútíma skóli búi ekki við slíkar aðstæður þegar einungis hafa verið reist hús með kennslustofum. Hér á sem sagt eftir að ljúka verki. Fyrr á tíð þótti það ekki búmannslegt að binda hey í bagga og skilja þá síðan eftir á engjum til þess að geta snúið sér að öðru verki. Þetta er einmitt það sem einir 12 menntamálaráðherrar hafa gert. Hér hurfu menn frá rúmlega hálfkláruðu verki og ætla nú að snara upp húsi á Borgarholti. Víst er þörf fyrir það, en fyrst á að ljúka verki hér. Og hana nú!

5. gr.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla, skipuð skólameisturum (rektorum og skólastjórum) undir forsæti menntamálaráðherra eða staðgengils hans, fjallar um sameiginleg mál-efni framhaldsskóla og samræmir störf þeirra.

Framhaldsskóli Vestfjarða.

Við greinina bætist: „Skal nefndin m.a. fjalla um bygginga- og búnaðarnorm skóla.“

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn.

Ráðherra getur heimilað sveitarstjórn/sveitarstjórnnum að tveir eða fleiri skólar sameinist um eina skólanefnd.

Í skólanefnd skulu sitja fimm menn. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrjú án tilnefningar og skulu þeir að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum. Nefndin kys sér formann til eins árs í senn. Varanmenn skulu skipaðir með sama hætti. Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, annar tilnefndur af kennurum skólans, hinn tilnefndur af nemendafélagi skólans. Áheyrnarfulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

2. málsgrein. Tvo menn skal ráðherra skipa samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/stjórna og þrjú án tilnefningar. Í ljósi þess vilja í frumvarpinu að tengja saman atvinnulíf og framhaldsskóla og greinargerð með frumvarpinu væri rétt að áskilja það í 6. grein að menntamálaráðherra skuli leitast við að skipa sinn hvorn fulltrúann í skólanefnd úr röðum launafólks og vinnuveitenda. Það skal hins vegar viðurkennt að það verður ekki alltaf auðvelt að koma til móts við þessi tilmæli en hugsanlegir erfiðleikar þeirra vegna verða að víkja fyrir nauðsyn þess að atvinnulífið endurspeglar í skólastarfi.

Hvatinn að bættum framhaldsskóla á sér rætur í samfélaginu og á skólinn að vera samfélagsstýrður en vera ekki stjórnað fyrst og fremst með hagsmuni innviða stofnunarinnar sjálfrar að leiðarljósi.

Menntaskólinn við Sund.

Lögð er til sú breyting að *allir starfsmenn* skólans (en ekki bara kennarar) tilnefni áheyrnarfulltrúa í skólanefndina.

Iðnskólinn í Reykjavík.

Með hliðsjón af breyttu hlutverki skólanefnda, skv. frumvarpinu, styður skólanefndin þá breytingu í 6. grein að fækka fulltrúum í skólanefnd úr sjö í fimm. Skólanefndin telur þó að sveitarstjórn eða sveitarstjórnir eigi að tilnefna þrjú af þessum fimm fulltrúum en tveir fulltrúar séu skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Margt mælir með því að heimamenn sem njóta þjónustu skólans eigi meirihluta fulltrúa í skólanefnd. Fulltrúi nemenda í skólanefnd er ósammála niðurstöum skólanefndar varðandi 6. gr.

Hið íslenska kennarafélag.

Kennarafélagin mótmæla breyttri skipan skólanefnda og telja það ekki bæta skólastarf að meina nemendum og kennurum að hafa bein áhrif á stefnumörkun skóla. Hér er gert ráð fyrir að ráðherra hafi persónulegan meirihluta í skólanefndum. Eru til einhver skynsamleg rök fyrir því? Horfið er algerlega frá öllum hugmyndum um atvinnulýðræði og hugmyndum um þátttöku starfsmanna í stjórnnum fyrirtækja. Ekki hafa verið færð sannfærandi rök fyrir því að gagnlegra sé að hafa kennara ekki í skólanefndum framhaldsskólanna. Þvert á móti sýnir reynslan að það er verulegt gagn að því fyrir stofnanirnar. Enn sérkennilegri er sú tillaga að minnka verulega frá því sem nú er áhrif kjörinna fulltrúa í sveitarfélaginu. Ekki hefur verið skýrt hvaða lýðræðishugmyndir eða hugmyndir um grenndarákvörðunartöku liggja hér að baki. Vandséð er annað en að þær breytingar sem lagðar eru til í þessari grein stuðli að miðstýringu og aukinni samþjöppun valds í höndum ráðherra.

Félag kennara í tré og byggingagreinum.

Mótsagnakennt er, að þegar talað er um aukið sjálfstæði skóla, þá er fjölgað fulltrúum ríkisins en kennurum sem best þekkja þarfir skólans er fækkað úr tveimur í einn áheyrnarfulltrúa. Álitum að það skapi einungis rugling að velja formann og áheyrnarfulltrúa til eins árs þegar nefndin er að öðru leyti skipuð til fjögurra ára.

Er slæm reynsla af starfi kennara í skólanefndum?

Hafa orðið hagsmunaárekstrar eins og ýjað er að í greinargerð?

Menntaskólinn í Kópavogi.

Skólanefnd telur að fulltrúar nemenda og kennara eigi að hafa fullan atkvæðisrétt í skólanefndum.

Framhaldsskóli Vestfjarða.

Á eftir 1. málsgrein komi: „og skal það ávallt gert að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.“

7. gr.

Skólanefnd markar áherslur í starfi skólans. Hún gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára sem háð er samþykki menntamálaráðherra. Skólanefnd gerir í upphafi hvers árs fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt. Skólanefnd skal gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir rekstrarstöðu skólans a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. í febrúar og ágúst.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í framhaldsskóla, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og hlut nemenda í efniskostnaði vegna verklegrar kennslu í samræmi við reglur er menntamálaráðherra setur. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Gjöld til nemendasjóða eru ákveðin af nemendafélögum skóla sem sjá um innheimtu og meðferð fjárlags. Bókhald nemendafélags skal háð sömu endurskoðun og aðrar fjárreiður skólans.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um skipan og störf skólanefnda.

ASÍ og Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

1. málsgrein. Í ljósi greinargerðar með 21. grein frumvarpsins er tekið undir hugmyndir um verksvið skólanefndar samkvæmt 1. málsgrein 7. greinar.

2. málsgrein. Nauðsynlegt er að setja með reglum að skólagjöld fari ekki fram úr ákveðinni upphæð. Þak á skólagjöld er í fullu samræmi við anda frumvarpsins um að öll ungmenni eigi að geta sótt sér nám á framhaldsskólastigi. Ólíðandi væri að skóli rekinn fyrir opinbert fé útilokaði efnalitra nemendur vegna ákvörðunar skólanefndar um há skólagjöld. Þá er og nauðsynlegt að tryggja að skólagjöld starfsnámsnemenda verði ekki hærri en skólagjöld bóknámsnemenda enda stríddi það gegn markmiði laganna sem er m.a. að auka framboð og hvetja til náms á starfsnámsbrautum. Hér þarf ráðherra að geta gripið inn í.

Setja þarf nákvæmar reglur um þátttöku nemenda í efniskostnaði í starfsnámi. Markmið frumvarpsins um stóraukið starfsnám ná ekki fram að ganga ef há efnisgjöld verða lögð á nemendur í starfsnámi. Há efnisgjöld yrði óbein hvatning til nemenda að leggja stund á bóknám og slíkt væri í mótsögn við markmið frumvarpsins og nauðsyn samfélagsins fyrir

stóraukna starfsmenntun. Þá er rétt að benda á að hingað til hafa skólarnir haft frjálsar hendur og skyldað nemendur til efniskaupa en tryggja verður að efnisgjöld ofbjóði ekki efnahag nemenda og foreldra þeirra. Eðlilegt er að með reglum verði ákveðið að nemendur geti áfrýjað til ráðherra þyki þeim sér misboðið með kröfum um efnisgjöld og efniskaup.

3. málsgrein. Hér skal aðeins bent á að það liggur í hlutarins eðli að nemendur dagskóla framhaldsskólans eru virkastir í starfi nemendafélaga og þá oft nemendur sem lengst eru komnir í námi. Ungmennahluti nemendafélaga munu því taka ákvörðun um nemendafélagsgjöld, leggja þau jafnframt á nemendur í öldungadeildum sem hafa allt aðra hagsmuni og aðstöðu varðandi nemendafélög og starfsemi þeirra en ungmennin í dagskóla. Það væri því eðlilegt að í skólum þar sem öldungadeildir eru reknar að nemendafélög yrðu tvö, annað fyrir dagskóla og hitt fyrir öldungadeild veldu öldungadeildarnemar að fara svo að. Eðlilegt er að nemendur geti áfrýjað til skólanefndar þykir þeim gjöld til nemendafélaga há.

Skólameistarafélag Íslands.

7. og 8. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er fjárhagsleg ábyrgð lögð á skólanefndir en fagleg ábyrgð á skólameistara. Stjórn SMÍ dregur mjög í efa að skólanefndarfólk muni gefa sér tíma til að sinna hlutverki sínu eins og það er birt í 7. gr. frumvarpsins. Þá má spyrja hvort eðlilegt sé að skólameistari sé firrtur allri fjárhagslegri ábyrgð enda hlýtur fjárhagsleg og fagleg ábyrgð að fara nokkuð saman.

Stjórn SMÍ varar við því ákvæði 7. gr. þar sem segir að gjöld til nemendasjóðs skuli ákveðin af nemendafélögum skóla og þau sjái um innheimtu og meðferð fjárens. Þetta ákvæði felur í sér þá hættu að nemendafélög geti sett of há eða of lág nemendagjöld á. Eðlilegt er að nemendafélög geri tillögu til skólanefndar sem tæki endanlega ákvörðun um heildargjaldtöku á nemendur í framhaldsskólum. Þá er eðlilegt að skólayfirvöld beri einhverja ábyrgð á fjárreiðum nemendafélaga en starf þeirra er mjög mikilvægt til að sinna félagslegum þroska í framhaldsskólum.

Iðnskólinn í Reykjavík.

Þá styður skólanefndin eindregið þá nýjung í 7. gr. að skólanefnd geri fjárhagsáætlun til þriggja ára í senn. Þó telur nefndin rétt að inn í lögin komi ákvæði um að þessar fjárhagsáætlanir séu gerðar í samráði við skólameistara. Fulltrúi nemenda í skólanefnd er ósammála niðurstöðum skólanefndar varðandi. Fulltrúi nemenda í skólanefnd er ósammála niðurstöðum skólanefndar varðandi 7. gr. frv.

Menntaskólinn við Sund.

Gerð er tillaga um að ákvæðum frv. um ákvörðun og innheimtu nemendagjalda verði breytt og þau færð í það horf sem er í núgildandi lögum.

Rökin fyrir þessari tillögu eru m.a. þau að skólinn er í reynd samfélag og eins og í öðrum samfélögum þurfa allir þegnarnir að axla skyldur og ábyrgð og bera þá úr bítum á móti réttindi og þjónustu. Nemendafélagið er samnefnari nemenda og málsvari og því eðlilegt að allir skólaþegnar leggi af mörkum til starfsemi þess. Frv. leggur skólunum þá skyldu á herðar að leitast við að ala nemendur upp til að verða virkir og ábyrgir þjóðfélagsþegnar, en erfitt er að koma því háleita markmiði heim og saman við þær gælur við „neikvætt félagafrelsi“ sem frv.greinin nú felur í sér.

Hið íslenska kennarafélag.

(Um verksvið skólanefndar).

Í greininni segir að skólanefnd sé ætlað að marka stefnu skólans en af innihaldi greinarinnar má ráða að sú stefnumörkun varði nær því eingöngu rekstrarleg atriði en faglegum atriðum sé ýtt til hliðar. Hér skal einnig bent á að skv. 22. grein um skólanámskrá er gert ráð fyrir að skólanefnd samþykki skólanámskrá og fylgist með framkvæmd hennar. Þetta telja kennarafélögin ekki viturlega ráðstöfun á meðan alls ekki er tryggt að í hverri skólanefnd sitji yfirleitt nokkur skólamaður - síst eftir að kennurum hefur verið vísað þar á dyr.

3. málsg. Ákvæði um gjöld til félagsstarfsemi nemenda sem skólanefnd á ekki að koma nálægt að ákveða á ekki heima í þessari grein, heldur 10. gr. (Spyrja má að því hvort þörf sé á að lögbinda innheimtuaðferðir gjalda til nemendasjóðs).

4. málsg. Ekki er getið um hver á að staðfesta skipulagsskrár sjóða.

Félag kennara í tré og byggingagreinum.

Samkvæmt texta þessarar greinar ætti nafn skólanefndar að vera FJÁRHAGSNEFND því verksviðið er fjárhagslegt en ekki að skapa aðstæður fyrir nemendur til að efla viðsýni, frumkvæði, temja sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð, hvetja til stöðugar þekkingarleitir eða njóta menningar.

Menntaskólinn í Kópavogi, skólanefnd.

Skólanefnd telur að skólameistara beri að axla ábyrgð á fjármálum skólans. Hann hafi yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar og leggi hana síðan fyrir skólanefnd til umfjöllunar og samþykktar.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Við höfum áður sent athugasemdir um skólanefndir og ítrekum þær hér. Í skólanefndum hjá okkur hafa setið afbragðsmenn, áhugasamir og tillögugóðir. En í núgildandi lögum og í þessu frumvarpi er nefndinni falið svo víðtækt verksvið, að nefndarmenn verða að minnsta kosti í hlutastarfi ef þeir eiga að sinna því verki. Það er ekkert skafið af hlutunum í 7. grein. Nefndin á að semja fjárhagsáætlun, starfsáætlun o.s.frv. Skólanefndir gera mikið gagn þar sem mörg sveitarfélög eru saman um rekstur skóla. En þessi háttur, sem hér er kveðið á um, eykur stórlega kostnað við reksturinn. Skoðun okkar er, að hér sé skólanefnd óþörf, því að ráðuneytið er einungis snertisþöl í burtu og getur því hæglega sinnt því hlutverki, sem skólanefnd er ætlað.

Þetta má alls ekki skilja sem svo, að við viljum sitja hér á einhverjum einveldistróni, án tengsla við veröldina úti fyrir. Síður en svo. En skólanefnd, skv. ákvæðanna hljóðan, er óstarfhæf nema menn séu beinlínis ráðnir í hlutastarf. Það er þó varla ætlunin. En hugmyndin um fagráð er góð, af þeim höfum við reynslu, sjá hér síðar.

Ákvæði um námsráðgjöf þarf að endurskoða, skilja þar beinlínis milli leiðsagnar og ráðgjafar. Námsráðgjöf er sérnám og á færi þeirra sem numið hafa, leiðsögn veitum við öll, sem í skólum störfum, húsvörður, skrifstofufólk, bókaverðir og skólameistarar, að kennurum ógleymdum.

Framhaldsskóli Vestfjarða.

Lagt er til að skólanefnd en ekki nemendafélag ákveði gjöld til nemendasjóðs.

8. gr.

Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðal-

námskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Skólaráð skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórn skóla. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara og nemenda svo og aðstoðarskólameistara og áfangastjóra, starfi þeir við skólann. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti.

Hið íslenska kennarafélag.

Skynsamlegt er að skilgreina greinilega ábyrgð skólameistara.

Félag kennara í trú og byggingagreinum.

Hver er í skólaráði, í staðinn fyrir aðstoðarskólameistara og áfangastjóra, í skóla sem ekki eru með slíka starfsmenn? Er ekki óhætt að lofa þessum „sjálfstæðu“ skólum að koma sér upp, eftir sínu starfsfyrirkomulagi, skólaráði? Er þetta skólaráð ekki óþarft? Þarf ekki skóli að hafa framkvæmdastjórn líkt og í fyrirtækjum sem vinnur með skólameistara (framkvæmdastjóra) eftir fyrirmælum skólanefndar, ráðuneyta og annarra sem skólinn heyrir undir og þjónar?

9. gr.

Almennur kennarafundur í framhaldsskóla fjallar um stefnumörkun í starfi skólans, um námsskipan, kennsluhætti, þar með talið námsmat, og aðra starfsemi. Kennarafundur skal halda eigi sjaldnar en fjórum sinnum á hverju skólaári. Skyld er skólameistara að halda kennarafund ef fulltrúar kennara í skólaráði eða þriðjungur fastra kennara skólans krefjast þess.

Hið íslenska kennarafélag.

Óljóst er hvað orðalagið „fjallar um“ þýðir. Mjög er óljóst hvert er vald kennarafundar í þessum lögum. Full þörf virðist á að lögfesta fleira um verksvið kennarafunda, einkum ef þess er gætt að fellt er burt ákvæði 10. greinar núverandi laga um vísan til reglugerðar. Skiptir þar mestu skýlaus umsagnarréttur um ráðningu yfirmanna skólans.

Félag kennara í trú og byggingagreinum.

„Sjálfstæður skóli“ ræður því væntanlega hvað hann heldur marga fundi, hversu fjölmenna og hvað á að fjalla um á fundum.

10. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð sem er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla, nemendafélög, setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

Hér skal minnt á umsögn um 3. málsgrein 7. greinar. Samkvæmt henni ætti að vera til nemendaráð öldungadeildarnema sem ætti jafnframt fulltrúa í skólaráði.

Hið íslenska kennarafélag.

Sbr. athugasemd við 7. gr. 11. grein núgildandi laga er betri.

V. KAFLI

Starfsfólk.

11. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni.

Menntamálaráðherra ræður skólameistara til fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar. Kennari sem ráðinn er skólameistari skal fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma er hann gegnir starfi skólameistara.

Skólameistari ræður kennara, námsráðgjafa, skólasafnverði og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd. Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til fimm ára í senn og áfangastjóra til allt að fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd.

Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara. Setja skal í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið námsráðgjafa og skólasafnvarða. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið annarra starfsmanna.

Menntamálaráðherra setur skólameistara og kennurum erindisbréf svo og öðrum starfsmönnum skóla eftir því sem við á.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

2. málsgrein. Rétt þykir að það verði skólanefnd sem geri samninga við starfsmenn um endurkomurétt í fyrra starf fái þeir leyfi frá störfum.

5. málsgrein. Tekið er undir ákvæðið um að ráðherra setji skólameistara erindisbréf. Hins vegar er eðlilegt að skólanefnd og skólameistari setji kennurum og öðrum starfsmönnum erindisbréf enda ræður skólameistari starfsmenn skólans. Slík ráðstöfun er miklu nær gæðastjórnun og líklegri til að koma til móts við gæðastefnu skóla en að ráðherra annist slíkt enda gæti ráðherra aðeins búið til almennt erindisbréf þar sem hann er ekki í aðstöðu til að meta nákvæmar þarfir hvers skóla um erindisbréf.

Skólameistarafélag Íslands.

Í greininni segir að skólameistari ráði kennara og ýmsa aðra starfsmenn að höfðu samráði við skólanefnd. Nokkuð er á reiki hvað átt er við með slíku samráði. Í greininni er vitnað til menntunar starfsmanna annarra en skólameistara. Eðlilegt er að líta á starf skólameistara sem stjórnunarstarf og gera ráð fyrir einhverri menntun til slíkra starfa til viðbótar við kennaranám. Stjórn SMÍ telur vafasamt að ráðningu skólameistara miðist við 5 ár en mælir með ótímabundnum ráðningasamningi þess í stað.

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum.

Bent er á að starfsheitið „skólasafnvörður“ kemur tvisvar fyrir í 11. gr. frumvarpsins (sjá bls. 3). Viljum við hér með vinsamlegast koma á framfæri að þetta starfsheiti getur orkað tvímælis í lagatexta því það virðist aðallega notað um þá sem ljúka 30 eininga námi í bókasafns- og upplýsingafræði (sbr. Kennsluskrá Háskóla Íslands 1994-1995, bls. 446). Meiri hluti þeirra sem til þessa hafa lokið þessu námi hafa verið kennarar á grunnskólastigi.

Á nær öllum bókasöfnum framhaldsskólanna vinna bókasafnsfræðingar („bókasafnsfræðingar“ er lögverndað starfsheiti) og aðstoðarfólk með mismikla menntun. Bókasafnsfræðingarnir hafa í mörgum tilfellum viðbótarmenntun í uppeldis- og kennslufræði. Fundarmenn voru ennfremur sammála um að starfsheitið „skólasafnvörður“ gefi villandi

hugmyndir um starfssvið þeirra sem vinna á bókasöfnunum sem felst aðallega í skipulagningu og miðlun upplýsinga.

Viljum við vinsamlegast benda á að betur fer á að nota á báðum stöðunum í 11. gr. frumvarpsins „starfsfólk bókasafna“ í stað „skólasafnverðir“ eins og nú er, enda er gert ráð fyrir í lögnum (sbr. 11. gr.) að ákvæði um menntun og starfssvið starfsfólks á bókasafni verði sett síðar í reglugerð.

Iðnskólinn í Reykjavík.

Skólanefndin telur að skipunartími skólameistara þurfi að vera lengri en 5 ár til að meiri festa fái störf skóla. Fulltrúi nemenda í skólanefnd er ósammála niðurstöðum skólanefndarinnar varðandi 11. gr. frv.

Menntaskólinn við Sund.

Varðandi þá tillögu frv. að *setning og skipun* til starfa skuli *afnumin* skal minnt á að umrætt ráðningarform hefur á liðnum árum og áratugum verið notað af stjórnvöldum sem röksemd fyrir því að *halda niðri launum* kennara og ýmissa annarra opinberra starfsmanna og jafnvel nefndar prósentutölur í því sambandi. Afnáam þessara ráðningarforma er að sjálfsgöðu *umræðuvert*, en þá hlýtur einnig að þurfa að ræða hvernig það verði bætt í formi hækkaðra launa. Í því sambandi gæti þá e.t.v. komið til álita að starfsmenn ættu eitthvert val í þessu efni.

Telja verður til bóta frá núgildandi lögum að ákvæði frv. um ráðningar starfsfólks hafa verið *samræmd* og þau gerð *skýrari* jafnframt því sem ábyrgð rektors í þessu efni hefur verið aukin.

Hér er einnig óhjákvæmilegt að benda á að í þessari grein þarf að bæta inn sérstöku ákvæði um kennslustjóra engu síður en t.d. áfangastjóra og deildarstjóra.

Hið íslenska kennarafélag.

1. Mótmælt er þeim áformum að draga úr lýðræði við mannaráðningar með því að færa valdið í ráðningarmálum á hendi skólameistara eins. Tilfærsla frá fjölskipuðu valdi eins og skólanefndir eru í núgildandi lögum til einskipaðs valds er skref aftur á bak.

2. Kennarafélögin móta áform um að breyta ráðningarkjörum kennara með því að afnema setningu og skipun í stöður. Réttarstaða sú er þessi ráðningarkjör skapa er varin af eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Það vekur furðu að slíkt sé sett fram í frumvarpi til laga án þess að minnsta tilraun hafi verið gerð til þess að ræða við kennarafélögin um það með hvaða hætti slíkur réttindamissir yrði bættur ef af yrði. Athygli er vakin á því hér við hæstvirta menntamálanefnd að þessi athugasemd kennarafélaganna kom fram í umsögn um þessa grein í drögum að frumvarpinu í febrúar síðastliðnum og á þeim nærfellt 9 mánuðum sem síðan eru liðnir hefur menntamálaráðherra ekki stofnað til neinna viðræðna við kennarafélögin um þetta mál.

3. Niðurfelling tilvísunar í málsmeðferð í undanþágunefnd, hafi kennari er sækir um starf ekki tilskilin réttindi (sbr. 12. grein gildandi laga), gerir auðveldara um vik að fara frjállega með hæfniskröfur. Kennarafélögin vara sérstaklega við ráðstöfunum af þessu tagi er gætu orðið til þess að draga úr menntunarkröfum og faglegum metnaði.

Menntaskólinn í Kópavogi, skólanefnd.

Skólanefnd telur að skólameistara beri að leggja tillögur um ráðningar starfsfólks fyrir skólanefnd til umfjöllunar og samþykktar.

Framhaldsskóli Vestfjarða.

Skólameistara ætti að ráða ótímabundið með almennum uppsagnarfresti.

12. gr.

Hafi kennari starfað a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt námsorlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni skal hann senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um námsorlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja námsorlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum námsorlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðherra getur veitt kennara, er nýtur námsorlofs, styrk til að standa straum af kostnaði vild ferðalög og námsdvöl í sambandi við námsorlofið ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar njóti hann ekki sambærilegs styrks frá öðrum. Beiðni um námsorlof skal hafa borist menntamálaráðuneytinu fyrir 1. október ár hvert. Að loknu námsorlofi er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín á námsorlofstíma.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólameistara og annarra stjórnenda skóla. Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd námsorlofs kennara.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

1. málsgrein. Samkvæmt greinargerðinni með 12. grein endurspeglast 1. málsgrein af núverandi ástandi. Nauðsynlegt er að tryggja með lögum lágmarksrétt starfsliðs skólanna til námsorlofs. Í ljósi þess að námsorlofið skal nota til að efla þekkingu kennara og kennarahæfni þeirra ætti að geta talist fullnægjandi að skólanefnd tæki afstöðu til beiðna starfsmanna skóla um námsorlof. Skólanefnd tæki ákvarðanir um slíkt í samræmi við gæðastefnu sína, ætlaði fé til námsorlofs af rekstrarframlagi til skólans og létti óþarfa snúningum af ráðherra og ráðuneyti.

2. málsgrein. Breytist til samræmis við breytingar á 1. málsgrein.

3. málsgrein. Réttara væri að öllu starfsfólki skóla gæfist kostur á starfsmenntun af þessu tagi en það bindist ekki aðeins við starfsmenn með kennslufræðilega menntun. Þar á meðal má nefna ræstingafólk, gangaverði, húsverði og skólasafnverði.

13. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal rækja heilsuvernd. Sé heilsugæslustöð starfandi í nágrenni skólans skal fela henni að annast heilsuverndina.

Héraðslæknar hafa umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi. Starfsfólk við heilsuvernd í skólum skal hafa náíð samstarf við skólameistara um framkvæmdina.

Skólameistarafélag Íslands.

Mikilvægt er að taka af allan vafa á því hver beri ábyrgð á að heilsugæsla sé framkvæmd í skólum. Núverandi lög og frumvarpið taka ekki af allan vafa með óheppilegum afleiðingum fyrir framkvæmdina.

Framhaldsskóli Vestfjarða.

Koma þarf fram að heilbrigðisráðuneyti eigi að bera kostnað vegna heilsuverndar í skólum.

14. gr.

Nemendum í framhaldsskóla skal standa til boða ráðgjöf og leiðsögn um náms- og starfsval og persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist. Slíka þjónustu veita námsráðgjafar, kennarar og annað starfsfólk eftir því sem við á.

Menntaskólinn við Sund.

Fagnaðarefni er að frv. hefur að geyma skýr ákvæði um rétt nemenda í framhaldsskólum til hvers konar ráðgjafar, en reynsla undanfarinna ára sýnir svo að ekki verður um villst að þörfin í þeim efnum er mjög brýn.

VI. KAFLI

Inntökuskilyrði.

15. gr.

Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun skulu eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla.

Inntaka nemenda á einstakar námsbrautir framhaldsskólans ákvarðast af þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi. Í reglugerð skal kveðið á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla og starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Heimilt er skólameistara að undangengnu mati að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu í einstakar námsbrautir framhaldsskóla þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.

Nemendum sem ekki hafa náð tilskildum árangri við lok grunnskóla skal standa til boða fornám eða nám í sérstökum deildum á framhaldsskólástigi. Inntaka nemenda í framhaldsskóla er á ábyrgð skólameistara.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

2. málsgrein. Í greinargerðinni er sagt að „inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir miðast fyrst og fremst við að nemendur hafi nægilegan undirbúning til þess að takast á við nám viðkomandi brautar og geti náð lokamarkmiðum hennar á eðlilegum námstíma. Inntökuskilyrðin verða því breytileg eftir námsbrautum“. Nauðsynlegt er að tryggja með reglugerð að skólar geti ekki lokað sér með því að skilgreina þröngt regluna „að nemendur hafi nægilegan undirbúning til þess að takast á við nám viðkomandi brautar“. Væntanlega verður áskilið í skólanámskrá í hverjum skóla hvað telst nægilegur undirbúningur. Þannig gæti t.d. einn framhaldsskóli í Reykjavík útbúið námsbrautir sínar þannig að aðeins nemendur með ágætiseinkunnir kæmust í skólann. Á sama tíma yrði framhaldsskóli í dreifbýli, en slíkur skóli hefur ótvíræðu þjónustuhlutverki að gegna fyrir byggðarlagið, að taka mið af nemendum með ólíkan námsárangur þegar skólanámskrá er samin. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að nemendur sem hafa staðist grunnskólapróf og náð lágmarks meðaleinkunn í tilteknum námsgreinum öðrum geti sest í hvaða framhaldsskóla sem er. Eðlileg þjónusta við nemendur sem léttast eiga með nám er að gefa þeim kost á að fara hraðar gegnum skólann en ella.

„Heimilt er skólameistara, að undangengnu mati, að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu á einstakar námsbrautir framhaldsskóla, þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla“. Þessi þrenging er óþörf og óeðlileg að skólameistari ráði þessum málum. Heppilegar væri að framhaldsskóla verði skylt að taka við nemanda sem orðinn er 18 ára gamall þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla. Mat á nemanda sem svo er ástatt um þjónar miklu frekar þeim tilgangi að brjóta hann niður en að auðvelda honum að setjast í skóla á nýjan leik. Proskaskeiðið milli 16 og 18 ára aldurs er mun mikilvægara en mat sem fyrst og fremst minnir nemandann á gömlu hrollvekjuna í grunnskólanum. Hér ber því að leggja áherslu á námsráðgjöf þar sem

tekið verði mið af almennri þekkingu og reynslu nemandans og kennsluráðgjöf til kennara. Slíkt væri forsenda þess að hægt verði að ráðleggja nemandanum um vænlega leið í skólanum og hvernig verði hægt að styðja hann í námi.

3. málsgrein. Hér er lögð áhersla á að fornám og nám í sérstökum deildum verði metið til jafns við annað framhaldsskólanám sé það réttlætanlegt gagnvart nemandanum og gefi honum rétta mynd af stöðu hans innan framhaldsskólans. Takmarkið með þessari starfsemi framhaldsskólans verður að vera þjónusta við nemandann. Markmiðið með fornámi verður að vera fólgið í að nemandinn geti lokið einhverju stigi framhaldsskóla. Því verður að milda skilin á milli grunnskóla og framhaldsskóla og heppileg leið í því skyni er einstaklingsbundin þjónusta. Þannig verður námsráðgjöfin að beinast bæði að nemanda og kennara. Fornám þar sem safnað er saman allt að 40 manna hópi eins og dæmi eru um er út í hött. Þar er ver farið en heima setið enda segir reynslan að það sem nemendur læri við slíkar aðstæður sé fyrst og fremst fólgið í því að koma ekki aftur nærri skóla í bráð og lengd.

Menntaskólinn við Sund.

Fagnað er sérstaklega skýrari og skilvirkari ákvæðum varðandi *inntöku nemenda* í framhaldsskóla. Er hér annars vegar vísað til þess ákvæðis að inntaka á einstakar brautir skuli ákvarðast af *kröfum viðkomandi náms*, en hins vegar ákvæða um að kveðið skuli á um *lágmarkskröfur* um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við *lok grunnskóla*. Framkvæmd þessara ákvæða ætti að geta stuðlað að *bættu skólastarfi á báðum skólastigum*. Sérstaklega er mikilvægt fyrir menntaskóla sem hefur litið á það sem eitt helsta hlutverk sitt að búa nemendur undir nám á háskólastigi að geta gert *auknar kröfur* til nemenda sem hyggjast innritast á almenna bóknámsbraut til stúdentsprófs svo að umræddur undirbúningur geti orðið sem bestur og árangursríkastur.

Hið íslenska kennarafélag.

Kennarafélögin hafa alvarlegar efasemdir um að námsaðgreining eftir árangri á grunnskólaprófi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu leysi vanda nemenda á mótum grunnskólans og framhaldsskólans. „Lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum“ þurfa ekki endilega að hafa forsagnargildi um námsárangur í framhaldsskóla. Auðvitað veltur mikið á hvaða reglur verða um þetta settar en ekkert kemur fram um hvaða hugmyndir liggja þarna að baki hjá höfundum frumvarpsins. Hér skal einnig bent á að meginástæða þess að framhaldsskólar uppfylla ekki ákvæði gildandi laga um að „skapa skilyrði til náms og þroska við allra hæfi“ (Lög nr.57/1988/2.grein) er sú að allt þróunar- og nýbreytnistarf sem einhverja fjármuni útheimtir hefur verið drepið í dróma. Það er fullur vilji til þess í framhaldsskólum að laga nám þar að mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda en skólunum er ekki leyft að gera það.

3. málsg. Kennarafélögin telja það til bóta að lögbinda fornám en benda á að fjármunir og aðstaða til að starfrækja það þarf að fylgja með.

Samband iðnmenntaskóla.

Stjórnin álitur að mismunandi inntökuskilyrði á brautir framhaldsskólanna ykju ásókn í bóknám. Litið yrði á starfsnám í ríkara mæli en nú sem lakari kost. Stjórnin telur eðlilegt að inntökuskilyrði séu þau sömu á allar brautir framhaldsskóla.

VII. KAFLI

Námsskipan.

16. gr.

Námsbrautir framhaldsskóla skiptast í starfsnámsbrautir, bóknámsbrautir, og almenna námsbraut. Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til frekara náms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót náms.

Á starfsnámsbrautum er nám í löggiltum iðngreinum og annað starfsnám sem lýkur með skilgreindum prófum. Þeir sem lokið hafa sveinsprófi eða öðru starfsnámi, sem nánar er tilgreint í reglugerð, skulu eiga kost á viðbótarnámi til stúdentsprófs. Iðnsveinar skulu eiga kost á námi til meistaraþrófs í grein sinni. Í reglugerð skal kveða á um hverjar skuli vera löggiltar iðngreinar.

Bóknámsbrautir veita undirbúning að námi á háskólastigi og lýkur með stúdentsprófi. Bóknámsbrautir eru þrjár: tungumálabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðabraut.

Almenn námsbraut er bóklegt og verklegt nám og lýkur með framhaldsskólaprófi. Almenn námsbraut veitir undirbúning fyrir nám á bók- og starfsnámsbrautum og er jafnframt hluti af því námi.

Við ákvörðun um stofnun námsbrauta skal tekið mið af eðlilegri sérhæfingu og verkaskiptingu framhaldsskólanna.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

ASÍ og Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

4. málsgrein. „Almenn námsbraut veitir undirbúning fyrir nám á bók- og starfsnámsbrautum, eða er hluti af því“. Hér er gerð athugasemd við orðalagið: „eða er hluti af því“. Ekkert á að vera því til fyrirstöðu í grunninn að almenn námsbraut sé hluti af framhaldsskólanámi náist viðhlítandi námsárangur. Það væri í fullu samræmi við markmið framhaldsskólans sem m.a. felst í að þroska og bæta við þekkingu nemenda.

Skólameistarafélag Íslands.

16. og 17. gr.

Við þessar greinar gerir SMÍ mjög alvarlegan ágreining. Það er mat okkar að verði þessar greinar að lögum muni það hafa mjög óheppilegar afleiðingar í för með sér fyrir skólakerfið í landinu. Við sjáum ekki að markmið frumvarpsins um að efla starfsnám náist með þessum hætti. Greinarnar fela í sér verulega aukna sérhæfingu á einstökum námsbrautum, bæði í sérgreinum og ekki síður hinum almennu greinum. Það mun leiða fjölmarga nemendur inn á blindgötur en vitað er að margir nemendur skipta um skoðun og vilja færa sig á milli brauta. Þessi ákvæði fela í sér að þeir nemendur verða að byrja nánast frá grunni aftur. Þá mun þessi sérhæfing fela í sér að ýmsir smærri skólar verða að draga verulega úr námsframboði sínu og jafnvel leggjast af. Enginn fjölbrautaskóli utan Reykjavíkur mun geta risið undir nafni með þessari skipan mála. Þar með er komin aftur upp sú staða að nemendur af landsbyggðinni munu þurfa að leita til þéttbýlisins í framhaldsnám 15-16 ára gamlir. Reynslan sýnir að þeir nemendur snúa oft ekki aftur til heimabyggða. SMÍ hefur í umsögnum sínum kynnt aðrar hugmyndir um námsskipan heldur en þær sem kynntar eru í frumvarpinu.

Menntaskólinn við Sund.

Lýst er eindregnum stuðningi við ákvæði frv. um stofnun almennrar námsbrautar. Með tilkomu hennar ætti að vera mögulegt að tryggja fleiri nemendum nám við hæfi en nú er. Á hitt ber einnig að leggja þunga áherslu að hugmyndin að baki tillögunni um stofnun almennrar námsbrautar mun því aðeins ná tilgangi sínum að hún verði fastur þáttur í námsframboði allra framhaldsskóla. Verði það ekki tryggt í framkvæmd er hætt við að þessi hugmynd sé andvana fædd.

Félag áfangaskóla.

Í frumvarpinu er ekki tekið mið af því skipulags- og starfsháttakerfi sem flestir framhaldsskólar starfa nú eftir, þ.e. áfangakerfinu, heldur eru tillögurnar hugsaðar út frá bekkjarkerfi. Þetta kemur sérstaklega fram í tillögum nefndarinnar um námsskipan og raunar miklu víðar í tillögunum. Félag áfangaskóla telur þetta vera einn meginljóðinn á tillögugerðinni allri.

Í frumvarpskaflanum um námsskipan í framhaldsskólum er gert ráð fyrir að í skólunum verði skýrt afmarkaðar námsbrautir með ólík inntökuskilyrði. Þetta gæti hæglega leitt til þess að nemendur við upphaf framhaldsskólanáms lokist inni á ákveðnum básum sem erfitt gæti orðið að komast út úr, ekki síst þegar þess er gætt að nefndin leggur jafnframt áherslu á það að nám á hverri braut eigi að vera „heildstætt“, en í því hugtaki virðist felast að sem fæstir námsþættir á einni braut verði sameiginlegir með öðrum brautum. Hætt er við að þessir básar yrðu mismikils metnir af nemendum og foreldrum og sumir þeirra fengju fljótlega á sig tossastimpil með öllu sem því fylgir. Og auk þess sem þessi aðgreining gæti komið illa við marga nemendur yrði námsskipulag af þessu tagi mjög erfitt fyrir meðalstóra og litla skóla, sem hlytu að neyðast til að draga námsframboð sitt mikið saman, en núna geta margir þessara skóla veitt tiltölulega mikla og fjölbreytta þjónustu vegna umtalsverðrar samkenndu nemenda á mismunandi brautum.

Samlíf - Samtök líffræðikennara.

Í 16. grein frumvarpsins er fjallað um námsbrautir framhaldsskólans. Í 17. grein eru brautirnar skilgreindar nánar í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Á bls. 26 er fjallað um brautarkjarna til stúdentsprófs og talið upp hvað kenna skuli á öllum lengri námsbrautum. Það kemur á óvart að engar raun- eða tæknigreinar skuli vera þar á meðal. Með vaxandi umræðu um umhverfismál er afar brýnt að náttúru- og umhverfisfræði fái aukna áherslu í kenndu og námi.

Iðnskólinn í Reykjavík.**Um 16. og 17. gr.:**

Það er mat skólanefndar að verði þessar greinar að lögum muni það hafa mjög óheppilegar afleiðingar í för með sér fyrir skólakerfið í landinu. Ekki verður séð að markmið frumvarpsins um að efla starfsnám náist með þessum hætti. Greinarnar fela í sér verulega aukna sérhæfingu á einstökum námsbrautum, bæði í sérgreinum og ekki síður hinum almennu greinum. Hætt er við að það muni leiða fjölmarga nemendur inn á blindgötur en vitað er að margir nemendur skipta um skoðun og vilja færa sig á milli brauta. Þessi ákvæði fela í sér að þeir nemendur verða að byrja nánast frá grunni aftur.

Hið íslenska kennarafélag.

1. Kennarafélagin telja það ástæðulaust að festa í lög fjölda námsbrauta í bóknámi til stúdentsprófs. Það er heldur engin þörf á að lögbinda hverjar brautirnar skuli vera. Ef upp koma nýjar þarfir sem gera það að verkum að nauðsynlegt er að setja upp nýja braut þá þarf lagabreytingu frá Alþingi. Engu að síður taka kennarafélagin undir það að fækka megi brautum eitthvað frá því sem nú er en telja eðlilegt að það gerist í samvinnu við framhaldsskólana og þá með því að ýta með jákvæðum hætti undir samvinnu og verkaskiptingu milli þeirra. Slík lögbinding brauta sem hér er áformuð gæti beinlínis skaðað skólastarf. Bent hefur verið á tónlistarbraut Menntaskólans við Hamrahlíð sem dæmi um námsleið sem þá yrði aflögð en stúdentspróf af henni er aðgöngumiði margra að tónlistarháskólum erlendis. Rétt er að benda á að kjörsvið getur hér ekki komið í stað brautar.

Þess má einnig geta að nágrannabjórðir okkar sem eru með svipað stúdentspróf hafa listasvið jafnréttihátt hinum klassísku akademisku brautum.

2. Skilgreiningu á hugtakinu „annað starfsnám“ vantar og er algerlega óljóst hvað undir fellur það. Ekkert kemur fram um það hver staða þeirra starfsnámsbrauta sem nú eru reknar verður skv. frumvarpinu. Óljóst er um starfsréttindi og ógerlegt að sjá hvernig tryggja á viðurkenningu atvinnulífsins á námi á slíkum brautum. Óhjákvæmilegt er að geta þess hér að í lokaskýrslu Nefndar um mótun menntastefnu er ekki lögð til ein einasta „stutt starfsnámsbraut“ og þar er alltof almennum orðum farið um það sem nefnt er „stutt starfsnám“ til þess að hægt sé að átta sig á því hvort einhver alvara býr að baki um stórfellda uppbyggingu á þessu sviði. Hér er vísað í umsögn um IX. kaflann þar sem kennarafélögin reifa ýmsar hugmyndir sínar um úrbætur í iðn- og starfsnámsgeiranum.

3. Torvelt er að finna nokkuð ápreifanlegt um „almenna námsbraut“ og því erfitt að skilja hvernig hún getur í senn verið undirbúningur fyrir nám á bók- og starfsnámsbrautum og hluti af því. Kennarafélögunum er ekki kunnugt um að gerðar hafi verið áætlanir eða tillögur um námsefni og innra skipulag slíkrar brautar og telja því lítið tilefni til að lögbinda eitthvað sem ekki er búið að ákveða hvernig eigi að líta út.

Kennarafélögin telja að fækkun brauta til stúdentsprófs, lögfesting lítt undirbúinna nýrra brauta og verulega þrengd inntökuskilyrði verði alls ekki til þess að efla starfsnám og iðnnám. Raunverulegt starfsnám er í æ ríkari mæli að færast á háskólastig og er því full þörf á fjölbreyttu bóknámi sem miðar að fleiru en að búa nemendur aðeins undir háskólanám.

Kennarafélögin telja að undirbúning breytinga á námsframboði á framhaldsskólastigi þurfi að vanda og að hann eigi að miða að því að allir nemendur finni nám við sitt hæfi. Það er verðugt markmið að ekki færri einstaklingar ljúki námi með skilgreindu lokaprófi og/eða starfsréttindum á Íslandi en í þeim nágrannalöndum sem best standa að þessu leyti. Þau telja hinsvegar að tillögur í 15. og 16. grein frumvarpsins gætu í raun orðið til þess að fækka nemendum í framhaldsskólanámi m.a. vegna ónógs undirbúnings og væri þá verr af stað farið en heima setið.

Félag kennara í tré og byggingagreinum.

Þarf að taka fram að þeir sem ljúka sveinsprófi eða öðrum starfsprófum skuli eiga þess kost að bæta við sig námi sem þarf til að ljúka stúdentsprófi? Er ekki öllum opið og frjálst sem það vilja að taka stúdentspróf?

Er ekki með þessu óbeint verið að gera stúdentspróf að einhverju sérstöku takmarki.

Efasemdir eru um flokkun nema á þrjá hópa: starfsnám, bóknám og almennt nám m.a.:

- Grunnskólinn sleppur vel frá vandanum með því að láta framhaldsskólana taka við og draga nemendur þar í dílka.

- Teljum þessa flokkun skaðlega m.a. vegna þess að þeir sem eru sorteraðir á þessar brautir við komu í framhaldsskóla verði með þann stimpil upp frá því.

- Teljum að áfangakerfið sé ekki að fullu nýtt. Þar má raða saman áföngum við hæfi hvers og eins, eftir eðli og kröfum til ákveðinna starfa, eftir kröfum til náms í skólum eftir framhaldsskóla og eftir blöndu af námi sem reynir bæði á hug og hönd.

- Leggjum til að námsráðgjöf verði mjög aukin í grunnskóla svo nemendur verði betur undir það búnir að velja þegar í framhaldsskóla kemur.

- Leggjum til að ekki verði talað um starfs- og bóknám sem einhverjar andstæður eða ólka hluti, heldur nám til ákveðinna starfa eða prófa, það fer svo eftir því að hverju er stefnt hvert innihaldið er, verklegt, bóklegt eða blanda af bóklegu og verklegu, markmiðið er væntanlega að menn læri sér til gagns og gamans.

Það stangast oft á viðhorf og kröfur atvinnulífs um strangt sérhægt fagnám og hins

vegar kröfur um kunnáttu í almennum greinum.

17. gr.

Námsbrautir framhaldsskóla skulu skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins. Þær skiptast í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Hlutfall milli þessara þátta er ákveðið í aðalnámskrá og getur verið mismunandi eftir brautum.

Brautarkjarni er skyldunám brautar. Þar eru sérgreinar brautarinnar og námsgreinar sem stuðla að almennri menntun og undirbúa nemendur undir þátttöku í samfélaginu. Áherslur í almennum greinum skulu miðast við lokamarkmið námsbrautar.

Kjörsvið er frekari sérhæfing á brautinni. Það er skipulagt sem heild, ýmist með samröðun námsáfanga eða í stórum heildstæðum áföngum með áherslu á fræðileg viðfangsefni. Starfsnám eða viðurkennt listnám á framhaldsskólastigi má meta til kjörsviðs í námi á bóknámsbrautum að uppfylltum skilyrðum sem tilgreind eru í aðalnámskrá.

Frjálst val námsgreina, sem skilgreindar eru í aðalnámskrá framhaldsskóla og kenndar eru í viðkomandi skóla, gefur nemendum kost á að kynast list-, verk- og fræðasviðum að eigin vali.

ASÍ og Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

4. málsgrein. Nauðsynlegt er að starfsnám verði ávallt hluti af bóknámi bæði sem þekkingarauki, sem innsýn inn í starfsgreinar og ekki síst sem hluti af samfélagslegri fræðslu. Mikilvægt er að allir þeir sem sækja framhaldsskóla og ljúka þaðan námi öðlist skilning á samfélaginu, einkum atvinnulífinu og fjölbreytileika þess. Hluti af uppeldishlutverki framhaldsskólans er að sjá til þess að nemendur læri um umhverfi skólans og þá m.a. um atvinnulífið þannig að þeir fái betur skilið tengsl fræðilegra og hagnýtra þátta.

Menntaskólinn við Sund.

Tekið er undir þá stefnu frv. að námsbrautir skuli skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins. Sú skipan ætti að geta tryggt meiri samfellu í námi og að það verði skilvirkara. Þá skal hér lýst stuðningi við það ákvæði frv. að áherslur í almennum greinum skuli miðast við lokamarkmið námsbrautar.

Samlíf - Samtök líffræðikennara.

Í 17. grein segir: „Námsbrautir skulu skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins“ og nokkru síðar í sömu grein: „Áherslur í almennum greinum skulu miðast við lokamarkmið námsbrautar“. Hvernig ber að skilja þetta?! Er meiningin t.d. að kenna sérstaka „stærðfræði“ fyrir trésmiði og aðra „stærðfræði“ fyrir blikksmiði, svo eitthvað sé nefnt? Okkur sýnist að með þessu orðalagi sé að nokkru vegið að núverandi fjölbrautakerfi.

Hið íslenska kennarafélag.

Kennarafélagin telja þessa grein bera svolítinn keim af nýju fötum keisarans og fá ekki séð að ný heiti eins og „kjörsvið“ eða „ratvísikjarni“ bæti nám í íslenskum framhaldsskólum eða bylti því miðað við þær upplýsingar sem fram koma í frumvarpinu, greinargerðinni og lokaskýrslu Nefndar um mótun menntastefnu. Ýmislegt bendir hins vegar til þess að hér sé þrengt nokkuð að skólum sem starfa eftir áfangakerfi og að torveldara yrði að fullnýta kosti þess kerfis ef þetta yrði að lögum. Varla er það þörf umbótastarfsemi.

Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum.

Almennt nám á brautarkjörnum:

Stjórn SKVOH fagnar sérstaklega þeirri áherslu sem lögð er á að skólinn skuli undirbúa nemendur undir þátttöku í samfélaginu (sbr. 17. gr.). Til að nemandi teljist hafa öðlast slíkan undirbúning telur stjórn SKVOH nauðsynlegt að í brautarkjarna allra bóknámsbrauta verði eftirfarandi áfangar:

- 1) Þjóðhagfræði þ.e. grunnatriði um íslenskt hagkerfi
- 2) Lögfræði þ.e. grunnatriði um réttindi og skyldur einstaklinga
- 3) Fjármál þ.e. grunnatriði varðandi fjármál einstaklinga.

Rökstuðningur, markmið með kennslu og hugmyndir um helstu námsþætti er meðfylgjandi. Stjórnin vill benda á að hún telur það hafa verið bagalegt fyrir núverandi kerfi að slíkir áfangar séu ekki skyldufag.

Þá teljum við nauðsynlegt að vissar viðskiptagreinar verði kenndar í starfsgreinánámi þannig að nemandur verði hæfari til að starfa sjálfstætt í sinni starfsgrein.

Sérhæfing í viðskipta- og hagfræðigreinum:

Frumvarpið opnar nýja möguleika til eflingar á kennslu í verslunar- og viðskiptagreinum. Nám í verslunar- og viðskiptagreinum á starfsgreinabraut er að mörgu leyti mjög heppilegur kostur fyrir marga nemendur enda mikill fjöldi sem starfar við skrifstofustörf.

Stjórn SKVOH vill þó benda á að sífellt er erfiðara að koma nemendum í verklega þjálfun og nauðsyn er á mikilli skipulagningu og stuðningi við fyrirtæki sem munu taka að sér þjálfun nema.

Að ýmsu leyti er óæskilegt að kennsla í hagfræðigreinum sé felld undir félagsfræðibraut.

M.a. er hætta á að þessi skipting geti haft óheppileg áhrif á þau tengsl sem æskileg eru milli hagfræðináms og viðskiptabrautar (sbr. núgildandi námsskrá). Þá þurfa nemendur sem fyrirhuga framhaldsnám í hagfræði, héraendis eða erlendis, að búa yfir verulegri stærðfræðikunnáttu.

Í flestum nágrannaríkjum okkar er kennsla í alþjóðaviðskiptum og sérhæfing á sviði utanríkisviðskipta námsgrein sem nýtur aukinna vinsælda. Nauðsynlegt er fyrir íslenskt atvinnulíf að boðið verði upp á slíkt nám í íslensku skólakerfi. Slíkt nám er umfangsmeira en svo að það geti fallið undir starfsnám. Námið fjallar að miklu leyti um viðskipti og telur stjórn SKVOH óæskilegt að slíkt nám sé fellt undir félagsfræðibraut.

Stjórn SKVOH telur að huga þurfi betur að staðsetningu viðskipta- og hagfræðigreina í frumvarpinu.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Upphaf 17. greinar er á þá lund, að nám skuli skipuleggja með lokamarkmið í huga á hverri námsbraut. Þetta skilja margir svo, að stefna beri að afnámi áfangakerfis. Við teljum óhugsandi, að sá geti verið skilningur nefndarmanna, þeirra sem sömdu frumvarpið, enda væri slík hugsun dauðadómur yfir jafnstórum skólum sem fjölbrautaskólunum á Akranesi, Sauðárkróki, Selfossi, Keflavík og í Breiðholti, og mundi í raun krenkja svo hag allra verkmenntaskóla í landinu, að til auðnar horfði. Þetta er einfaldlega vegna þess, að í ofangreindum skólum eru svo margar, fámennar námsbrautir, að útilokað er í raun að hafa mjög sundurgreinda kennslu í kjarnafögum; og meðal annarra orða, hvers eiga Norðurlandamál að gjalda? Er ekki skammsýni að minnka kennslu í þeim málum, sem auðveldi okkur samskipti við þær þjóðir, sem okkur standa næstar og við eigum langmest skipti við erlendra þjóða?

Framhaldsskóli Vestfjarða.

Þessi grein er flókin og lítt skiljanleg ein og sér. Lagt er til að á eftir orðunum í 4. línu

„Þar eru sérgreinar brautarinnar“ bætist við orðin: „allrar, þ.e. allra kjörsviða innan hennar“.

18. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað stofnun og starfrækslu fornáms við framhaldsskóla. Fornám er skipulagt sem eins árs nám fyrir nemendur sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um fornám og skilyrði fyrir stofnun þess.

Menntaskólinn við Sund.

Fagnað er þeirri áherslu á *eflingu fornáms* sem fram kemur í frv. Þó má varpa fram þeirri spurningu hvort efni sé til að lögbinda að það skuli vera *heils árs nám*. Er ekki eðlilegra að nánari *útfærsla* að þessu leyti komi fram í *reglugerð og námskrá*? Þar hlýtur að sjálfsögðu að verða tekið mið af þeirri *reynslu* sem menn hafa á undanförunum árum heyjað sér með starfrækslu ýmiss konar fornámsdeilda.

Hið íslenska kennarafélag.

Kennarafélagin telja jákvætt að tryggja starfrækslu fornáms ótvírætt með lögum en benda á að nemendurnir sem þar um ræðir virðast ekki eiga rétt á frekari skólagöngu ef þau „ná ekki tilskildum árangri á grunnskólaprófi“ eftir fornámið. Ef slíkar leiðir eiga að vera opnar samkvæmt hugmyndum Nefndar um mótun menntastefnu þarf það að koma skýrar fram hvernig sá réttur þessara nemenda er tryggður.

19. gr.

Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Menntamálaráðherra getur heimilað stofnun sérstakra deilda við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur. Menntamálaráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um kennslu og nám fatlaðra nemenda í framhaldsskólum.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Staða heyrnarlausra, sem fatlaðra, innan skólakerfisins er afar sérstök og þau úrræði sem fötluðum nýtast hæfa sjaldnast heyrnarlausum. Heyrnarlaust fólk stendur nýbúum miklu nær því sérstaða beggja hópanna markast af því að þeirra fyrsta mál er ekki íslenska.

Til þess að framhaldsskólinn geti gegnt hlutverki sínu gagnvart heyrnarlausum eins og það kemur fram í annarri grein frumvarpsins þarf að viðurkenna mállega stöðu heyrnarlausra. Þeir þurfa í fyrsta lagi að fá móðurmálskennslu í táknmáli þannig að mállegur grundvöllur verði nægjanlega traustur til þess að byggja á nám í öðrum tungumálum s.s. íslensku, dönsku, ensku, frönsku o.s.frv. Þeir verða að fá táknmálstúlkun í öllum kennslustundum, prófum og einnig í viðtölum við námsráðgjafa. Heyrnarskertir nemendur sem hafa íslensku að móðurmáli en geta ekki fylgst með kennslu vegna heyrnskerðingarinnar og þeir sem misst hafa heyrn þurfa að eiga rétt á rittúlkni í öllum kennslustundum.

Lög um málefni fatlaðra mæta ekki þörfum heyrnarlausra, þess vegna er afar mikilvægt, ef lög um framhaldsskóla eiga að ná til allra nemenda, að skýrt sé kveðið á um rétt heyrnarlausra til túlkunar, hann sé að fullu viðurkenndur og sérstöku fé sé varið í þann lið. Túlkun sé ekki greidd sem hluti af sérkennslu. Margir heyrnarlausir þurfa einnig

sérfræðilega aðstoð vegna fötlunar eða vegna lélegs undirbúnings úr grunnskóla. Enn hefur grunnskólinn ekki tekið á máluppeldi heyrnarlausra barna en þar verður einnig að koma til stórkostleg breyting á stöðu táknmálsins, fyrsta máls heyrnarlausra.

Með þetta í huga álit ég nauðsynlegt að í 19. grein verði sérstaklega getið um rétt heyrnarlausra og heyrnarskertra til þess að fá túlkað á táknmáli eða rittúlkað auk annars sem fram kemur í þessari grein.

Félag þroskabláfa.

Við viljum ítreka nauðsyn þess að framhaldsskóli sé fyrir alla, þar með talið alla fatlaða. Varðandi 19. gr. leggjum við til að önnur setningin verði svohljóðandi: *Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur.*

Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Það er ánægjulegt, að vikið sé beinlínis að fötluðum nemendum og erlendu fólki, sem hingað hefur flutzt og gerzt Íslendingar þótt enn tali þeir ekki málið okkar; það vakti sérstaka ánægju okkar, að orðaleppurinn nýbúi var ekki notaður um þessa ágætu Íslendinga!

20. gr.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Menntamálaráðherra getur heimilað að stofnað verði til sérstaks grunnnáms í íslensku við framhaldsskóla fyrir þessa nemendur. Í reglugerð skal kveðið nánar á um rétt nemenda, tilhögun og mat á íslenskukennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna í framhaldsskólum.

Samtök móðurmálskennara.

Í 20. grein er kveðið á um að nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eigi rétt á sérstakri kennslu. Við fögnum þessari grein og vonumst til að ráðuneyti menntamála öðlist gæfa til að hrinda henni í framkvæmd.

Menntaskólinn við Sund.

Sérstakt fagnaðarefni er sú breyting frá fyrri gerð frv. sem lögð var fram á sl. þingi sem felur í sér að lögfestur er óskoraður *réttur nýbúa til íslenskukennslu við hæfi*. Reynsla nágrannaþjóða, t.d. annars staðar á Norðurlöndum, sýnir ótvírætt að kunnátta í tungu þeirrar þjóðar sem fyrir er er lykillinn að farsælli aðlögun nýbúa.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

20. greinin hljóði með breytingum:

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Menntamálaráðherra getur heimilað að stofnað verði til sérstaks grunnnáms í íslensku við framhaldsskóla fyrir þessa nemendur. Í reglugerð skal kveðið nánar á um rétt nemenda, tilhögun og mat á íslenskukennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna **og heyrnarlausra sem eiga táknmál að móðurmáli** í framhaldsskólum.

Í aðalnámskrá þarf síðan að lýsa inntaki móðurmálskennslu heyrnarlausra í táknmáli. Greinargerðin um 20. greinina á alveg við stöðu heyrnarlausra. Þeir eiga erfitt með að fylgja öðrum nemendum í námi vegna lítillar kunnáttu í íslensku. Þeir þurfa því að fá sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum sem annað mál. Miklu færri heyrnarlausir skila sér í framhaldsnám en aðrir vegna tungumálaerfiðleika, einangrunar í samfélaginu og takmarkaðrar þekkingar m.a. á menntakerfinu.

Hið íslenska kennarafélag.

Kennarafélagin fagna lögfestingu réttinda nemenda sem hafa annað móður en íslensku til sérstakrar kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

VIII. KAFLI
Námskrár og mat.
21. gr.

Aðalnámskrá, er menntamálaráðherra setur, er meginviðmiðun skólstarfs. Í henni eru útfærð markmið framhaldsskóla og skilgreind markmið einstakra námsbrauta og námsgreina. Í aðalnámskrá skulu vera almennar reglur um réttindi og skyldur nemenda.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um uppbyggingu einstakra námsbrauta, samhengi í námi og meðallengd námstíma á hverri braut. Þar er ákveðinn lágmarksfjöldi kennslustunda í einstökum námsgreinum, inntak í megindráttum, stígandi í náminu og kennsluskipan.

Í aðalnámskrá skal mælt fyrir um námsmat, þar með talin próf og vitnisburð. Þar komi fram hvaða kröfur nemandi þarf að uppfylla til þess að hann teljist hafa lokið einstökum áföngum náms með fullnægjandi árangri og lágmarkskröfur til þess að standast tiltekin lokapróf. Þar skal kveðið á um hversu oft nemandi má endurtaka próf og birtar reglur um rétt nemenda til að sjá prófurlausnir sínar.

Í aðalnámskrá eru ákvæði um mat á starfsþjálfun sé hún hluti námsins, mat á námi þegar nemendur flytjast milli skóla og skilyrði þess að flytjast milli námsbrauta. Í aðalnámskrá skal setja viðmiðunarreglur um skólanámskrár og mat á skólstarfi.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

1. málsgrein. „Aðalnámskrá, er menntamálaráðherra setur, er meginviðmiðun skólstarfs“. Það er mjög brýnt að aðilar atvinnulífs komi að gerð aðalnámskrár þó að vitanlega sé hún á ábyrgð menntamálaráðherra. Aðalnámskrá, samin á breiðum vettvangi, getur aldrei orðið annað en framhaldsskólanum til framdráttar. Mynd samfélagsins þarf að endurspeglast í aðalnámskrá og sú mynd fæst ekki fram nema allir helstu myndhlutar verði leiddir að verki við gerð hennar. Eðlilegt er að kveðið sé á um aðstöðu og búnað skóla í aðalnámskrá þar sem hún er fyrst og fremst sú leið sem menntamálaráðherra hefur til að setja fram eðlilegar kröfur um þessi atriði.

Menntaskólinn við Sund.

Fagna ber þeim ákvæðum frv. að leggja skuli aukna rækt við námskrárgerð og sérstaklega þá gerð skólanámskrár. Í því sambandi verður þó að áréttta mikilvægi þess að skólunum verði með fjárframlögum og þéanlegum ákvæðum í kjarasamningum kennara gert kleift að rækja þetta hlutverk sómasamlega.

Samtök móðurmálskennara.

Árið 1991 hrintu Samtök móðurmálskennara af stað vinnu við endurskoðun námskrár í íslensku fyrir grunn- og framhaldsskóla. Sú vinna var framkvæmd með styrk og undir stjórn menntamálaráðuneytis. Það tók hátt á annað ár að setja saman drög að samfelldri námskrá frá 1. til 12. bekkjar. (Sjá Skíma 1.tbl.16.árg. 1993) Því er þetta nefnt að í ofanefndri grein laganna og í athugasemdum við þá grein (bls. 29) eru engin ákvæði um fagleg vinnubrögð við gerð aðalnámskrár og endurskoðun hennar að engu getið. Hverjir eiga að sjá um gerð aðalnámskrár? Hvenær skal hún endurskoðuð? Verður ráðuneyti skylt að leita til fagfélaga?

Það vekur reyndar athygli okkar að í lögunum er hvergi minnst á fagfélög kennara.

Hið íslenska kennarafélag.

Kennarafélögin taka undir þörf á vandaðri námskrá fyrir framhaldsskólann. Þau telja þó að hugsanlega sé farið offari og að með þessari grein yrði lögbundin of mikil miðstýring í gegnum námskrá. Það gæti annað tveggja haft í för með sér að hún yrði ekki aðgengilegt tæki til að fara eftir og/eða að hún virkaði hamlandi á þróunar- og nýbreytnistarf. Í ákvæðunum um námskrá er gert ráð fyrir að námskráin verði afar ítarleg og þar sem kveða á um „inntak í megindráttum, stígandi í náminu (hvað svo sem það er) og kennsluskipan“. Mælt skal fyrir um „námsmat, þar með talið próf og vitnisburði“. Þar skal einnig mælt fyrir um „hvaða kröfur nemandi þarf að uppfylla til þess að hann teljist hafa lokið einstökum áföngum náms með fullnægjandi árangri og lágmarkskröfur til þess að standast tiltekin lokapróf. Hugtakið „lokapróf“ skýtur hér aftur upp kollinum án þess að ljóst sé hvernig hugtakið skuli notað þegar numið er og prófað í áfangakerfi þar sem nemendur ljúka námi í einstökum greinum á mismunandi aldri og mismunandi námsári/námsönn. Hér virðist enn vera hugsað út frá bekkjakerfi. Orðið „lokapróf“ hefur í frumvarpinu að minnsta kosti tvennskonar merkingu. Lokapróf = Stúdentspróf/sveinspróf. Lokapróf = Síðasta próf í einstökum greinum (eða greinaflokkum??).

Að lokum benda kennarafélögin á að gera námskrár eins og hér virðist fyrirhuguð er afar fjárfrek og stór hópur fagfólks kemur að gerð hennar. Að fenginni slæmri reynslu af lagasetningu um skólastarf þar sem róttækustu og jafnframt fjárfrekustu atriðunum er frestað æ ofan í æ með „bandormum“ og öðrum ófögnuði leggja kennarafélögin til að nú þegar verði hugað að því hvort fé fæst til þessa máls að öðrum kosti verði þetta ekki lögbundið til þess eins að greinin dagi uppi eins og nátttröll.

Félag sögukennara.

„Þar skal kveðið á um hversu oft nemandi má endurtaka próf og birtar reglur um rétt nemenda til að sjá prófúrlausnir sínar.“

Hér þyrfti að bæta við: „og að nemandi eða kennari hafi rétt til að áfrýja úrskurði námsmats til hlutlægs aðila ef til ágreinings kemur um úrskurð.“

Þessi regla er þegar í aðalnámskrá og getur komið sér vel bæði fyrir nemendum og kennara til að eyða vantrausti, hindra geðþóttaákvörðanir og veita kennurum aðhald í námsmati. Reyndar verður að telja að þessi regla er ein hin mikilvægasta til að veita kennurum aðhald í námsmati, yfirferð og prófagerð.

22. gr.

Í hverjum skóla skal gefa út skólanámskrá þar sem gerð er grein fyrir námsframboði, lengd og innihaldi námsáfanga og skiptingu námsgreina á námsannir og/eða námsár. Þar skal einnig gerð grein fyrir kennsluháttum, námsmati og stjórnunarháttum, svo sem gæðastjórnun.

Í skólanámskrá geri skólar grein fyrir hvernig ná skuli því markmiði framhaldsskóla að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Skólanámskrá skal samþykkt af skólanefnd sem fylgist með framkvæmd hennar.

Samtök móðurmálskennara.

Eins og allir kennarar vita taka kennsluhættir breytingum frá einum tíma til annars og það sama má segja um námsmat. Þess vegna er varasamt að binda hendur kennara með of

nákvæmum fyrirmælum í námskrá sem e.t.v. er ekki endurskoðuð nema á margra ára fresti **nema lög segi til um annað.**

Hið íslenska kennarafélag.

1. Kennarafélögin telja gerð skólanámskrár þarfa en benda á líkt og um næstu grein á undan að enga þýðingu hefur að festa þetta atriði í lög öðruvísi en að huga strax að því að tryggja skólum fjármagn til verkefnisins. Reynslan í grunnskólanum hefur sýnt að gerð skólanámskrár er tímafrekt verkefni sem leggst ofan á aðra vinnu kennara og þarf að greiða sómasamlega fyrir.

2. Hér skal enn spurt þess sama og kennarafélögin spurðu í umsögn sinni um drög að frumvarpinu í febrúar síðastliðnum og hafa engin svör fengið um: Felur niðurfelling 19. greinar núgildandi laga í sér stefnubreytingu varðandi það að skipa námsefni í áfanga sem metnir eru til eininga?

Framhaldsskóli Vestfjarða.

Í síðustu málsgrein falli út orðið „skólanefnd“ og í staðinn komi „menntamálaráðuneyti“.

23. gr.

Sérhver framhaldsskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal utanaðkomandi aðili gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

Í þessa grein þarf að koma ákvæði um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um árangur sinn í starfi. Löggjafinn þarf að kveða á um hvaða upplýsingar á að veita og með hvaða hætti á að birta þær. Slík ákvæði ættu að veita skólanum aðhald auk úttektar utanaðkomandi aðila á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Menntaskólinn við Sund.

Frv. leggur mikla áherslu á markvisst *eftirlit með skólastarfi* og kerfisbundnar og reglulegar *úttektir á árangri skólastarfs*. Tekið skal undir nauðsyn þess að sinna þessum þáttum meir og betur en gert hefur verið, en sú nauðsyn helgast af stefnumörkun frv. að öðru leyti t.d. varðandi aukið *sjálfstæði einstakra skólastofnana*. Ljóst er þó að ærinn *kostnaður* mun verða samfara því að framkvæma til fullnustu markmið þau sem í frv. felast. Miðað við naumt skorin fjárframlög til framhaldsskóla á undanförunum árum verður að láta í ljós efasemdir um að allir þeir fjármunir muni liggja á lausu á næstunni. Hér þarf því augljóslega að *raða verkefnum í forgangsröð* og virðist þá einsýnt að verja þeim fjármunum sem unnt er að ætla til þessa verkefnis fyrst og fremst til þess að *auka og efla möguleika skólanna sjálfra* til að beita sjálfsmati og öðrum viðurkenndum aðferðum til að meta innra starf sitt.

Hið íslenska kennarafélag.

Í skýrslu Nefndar um mótun menntastefnu er lagt til (á bls. 93 o.áf.) að eftirlit með starfi skóla verði aukið og meira gert til að meta árangur þess. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig þetta eftirlit skal framkvæmt. Ekki eru heldur settar fram tillögur um neinar sérstakar matsaðferðir nema lagt er til að samræmd próf verði tekin upp á framhaldsskólastigi (bls. 88 o.áf.). Lítið eitt er fjallað um sjálfsmat skóla og sú hugmynd sett fram (á bls. 92) „að vottun gæðakerfa í skólum geti í mörgum tilvikum komið í stað hefðbundinna skólaúttekta.“

Í þessari grein frumvarpsins eru hugmyndir Nefndar um mótun menntastefnu ekki heldur útfærðar nákvæmlega sbr. orðalag greinarinnar sem er mjög almennt. Kennarafélögin telja að málið sé ómótað og óunnið og setja því hér fram nokkrar hugmyndir um það hvernig vinna mætti í málinu stig af stigi. Með þeim má skapa nauðsynlegan þekkingargrunn m.a. til þess að koma í veg fyrir að greinin dagi uppi. Kennarafélögin telja ekki heppilegt að búnar verði til sérstakar stofnanir innan Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála eða menntamálaráðuneytisins til þess að annast ytra eftirlit með skólum. Slíkar stofnanir yrðu dýrar í rekstri og eyddu fé sem annars gæti farið til skólanna. Auk þess er engan veginn tryggt að þau sjónarmið sem ríktu innan þeirra yrðu vænleg til að efla starf skólanna.

Kennarafélögin sjá fyrir sér eftirfarandi framkvæmdaferli:

1. Endurmenntunarstofnun Háskólans verði eflað og auknu fé veitt til Endurmenntunarnefndar fyrir framhaldsskóla í þeim tilgangi:

a) Að þessar stofnanir bjóði skólum upp á námskeið um innra mat og gæðastjórnun.

b) Skólar sem vilja gera úttekt á ákveðnum þáttum í starfsemi sinni geti snúið sér til Endurmenntunarstofnunar og gengið til sín leiðbeinanda eða sérfræðing sem aðstoðar og leiðbeinir við gerð slíkrar úttektar. Sé um að ræða úttekt á kennslu í einstökum greinum er í mörgum tilvikum æskilegt að Endurmenntunarstofnun hafi samvinnu við háskóladeildir í þeirri grein.

2. Þegar leiðsögn af því tagi sem rætt er um í fyrsta lið hefur náð að mótast og er orðin að eðlilegum hluta skólastarfsins þá er kominn tími til að leiðbeinendur sem hafa farið milli margra skóla og kynnst einhverjum þáttum skólastarfs vel verði ráðnir til að gera úttekt á þeim, meta þá og setja fram tillögur til úrbóta. Dæmi um slíkt væri t.d. maður sem hefur farið í marga skóla og aðstoðað við uppbyggingu á aðstöðu til verklegrar kennslu í raungreinum getur farið um landið, metið aðstöðu einstakra skóla og bent á hvar úrbóta er þörf.

3. Stofnaður verði sjóður til að styrkja rannsóknir á skólastarfi. Einstaklingar og stofnanir sem hyggjast vinna slíkar rannsóknir geta sótt um styrki í sjóðinn. Að vísu eru rannsóknir eitt og eftirlit og mat annað en vegna þess hve mikill skortur er á upplýsingum um íslenska skólakerfið hljóta auknar rannsóknir að vera forsenda þess að hægt sé að byggja upp góð mats- og eftirlitskerfi.

4. Háskólinn hefur gert nokkuð af því að fylgjast með árangri nemenda og reikna út hvernig hann tengist því úr hvaða framhaldsskólum þeir koma. Að vísu hafa menn ýmsar athugasemdir við það hvernig þessar úttektir hafa verið unnar. Engu að síður er lagt til að þessi starfsemi verði eflað og einstakir framhaldsskólar látnir vita ef niðurstöður svona úttekta benda til sérstakra veikleika í starfi þeirra.

5. Menntamálaráðuneytið annist eftirlit með stofnunum sem bjóða kennslu á framhaldsskólastigi, en starfa ekki eftir lögum og reglugerð um framhaldsskóla, og ákveði hvort og á hvernig nám við þær skuli metið inn í venjulegan framhaldsskóla. Kennarafélögin benda á að það er yfirvöldum menntamála til vansa að hirða ekki um eftirlit með slíkri starfsemi og skipta sér ekkert af faglegum gæðum hennar.

6. Ganga þarf harðar eftir því að deildarstjórn í skólum sé alltaf í höndum kennara með full réttindi og menntun í þeirri eða þeim greinum sem undir hans faglegu stjórn falla. Ekki má lengur viðgangast að stjórnendur skóla geti falið deildarstjóra að stýra starfi í grein eða greinum sem hann hefur ekki menntun í nafni hagkvæmnissjónarmiða. Deildarstjórum sé gert skylt að láta yfirvöld menntamála vita ef aðstæður til kennslu í viðkomandi grein(um) eru ófullnægjandi eða skólinn af einhverjum ástæðum ófær um að verða við þeim kröfum sem til hans eru gerðar.

7. Menntamálaráðuneytið sjái til þess að kennarar hafi aðgang að stöðluðum könnunarprófum og próffræðilegum gögnum um þau.

Þegar skilyrði 1-7 eru öll uppfyllt, þá fyrst eru forsendur til að krefjast þess af skólunum að þeir taki upp sjálfsmatsaðferðir sem hægt er að gera úttekt á og meta. Auk ofangreindra atriða benda kennarafélögin á að einnig er þörf á stóratáki í ytra eftirliti með þáttum eins og brunavörnum, hollustuháttum og öryggismálum (t.d. á verkstæðum iðnskóla).

Samtök iðnaðarins.

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að 23. gr. frumvarpsins verði fylgt eftir með sérstökum reglum sem efli metnað bæði innan og utan skólastofnana til að auka gæði framhaldsskólakennslu.

24. gr.

Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara og deildarstjóra. Matið byggir á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá.

Lokapróf úr framhaldsskóla er veitt geta rétt til frekara náms eða réttindi til starfa skulu vera samræmd í tilteknum greinum sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur umsjón með gerð samræmdra prófa fyrir framhaldsskóla og úrvinnslu samræmdra lokaprófa. Í reglugerð skal kveðið nánar á um framkvæmd samræmdra prófa í framhaldsskólum.

Skólameistarafélag Íslands.

Stjórn SMÍ varar mjög við að taka upp samræmd próf í framhaldsskólum sem hluta af brautskráningu. Í því felst ákveðið gildismat þar sem að reikna má með að einungis valdar námsgreinar verði felldar undir slík samræmd próf. Félagið mælir með öðrum aðferðum í ytra eftirliti, t.d. samræmdum könnunarprófum en skólar geta nýtt sér niðurstöður þeirra til að bæta veikleika sína. Þá hefur félagið mælt með auknu innra eftirliti í skólastarfi.

Menntaskólinn við Sund.

Hér skal lýst þeirri skoðun að *yfirlitspróf á stúdentsprófi hafi verulegt gildi fyrir nemendur*. Þar gefst þeim færi á að glíma við viðfangsefni úr ólíkum námsgreinum í *viðara samhengi* en við verður komið á einföldum annarprófum. Þá verður að telja einkar gagnlegt, ekki síst fyrir verðandi háskólastúdenta, að glíma við *krefjandi viðfangsefni* af þessu tagi, ekki síst með tilliti til þeirra krafna sem háskólanám gerir um úthald, yfirsýn og samtengingarhæfileika.

Samræmd lokapróf geta komið til greina í framhaldsskólum, en mjög verður að vanda allan undirbúning að framkvæmd þeirra. Þá má benda á þann möguleika að viðhafa *samræmd könnunarpróf* á einhverjum stigum framhaldsskólans en hyggja jafnframt að markvissari framkvæmd *núverandi prófdómarakerfis* á stúdentsprófum í bekkjakerfisskólum.

Félag áfangaskóla.

Félag áfangaskóla er sammála því sjónarmiði að auka þurfi eftirlit og aðhald með starfsemi framhaldsskóla og að koma þurfi á kerfisbundnu mati á skólastarfinu. Félagið álitur þó að hóf verði að hafa á viðamiklum og kostnaðarsömum samræmdum lokaprófum, og telur að jafngóðum eða betri árangri megi ná með öðrum og kostnaðarminni aðferðum, svo sem með könnunarprófum og auknu innra eftirliti í skólunum.

Iðnskólinn í Reykjavík.

Skólanefndin varar við því að tekin verði upp samræmd próf í framhaldsskólum nema sem lokapróf fyrir starfsréttindaöflun. Í því felst ákveðið gildismat þar sem reikna má með að einungis valdar námsgreinar verði felldar undir slík samræmd próf. Skólanefndin mælir

með öðrum aðferðum í ytra eftirliti, t.d. samræmdum könnunarprófum, en skólar geta nýtt sér niðurstöður þeirra til að bæta veikleika sína.

Hið íslenska kennarafélag.

(Um samræmd próf).

Kennarafélögin munu í umsögn sinni um þessa grein hvorki leggjast eindregið á sveif með þeim sem ætla að leysa vanda skólakerfisins með samræmdum prófum né heldur vísa hugmyndinni um þau út í ystu myrkur. Innan kennarafélaganna eru skiptar skoðanir um ágæti samræmdra prófa. Flestir kennarar eru þó sammála um að það sé fráleitt að upptaka samræmdra stúdentsprófa eigi að vera efst á lista forgangsmála um umbætur í framhaldsskólum. Hér skal bent á nokkur atriði:

1. Engan tilgang hefur að taka upp samræmd stúdentspróf fyrir en aðalnámskrá hefur verið samin, þar sem ein forsenda slíkra staðlaðra prófa hlýtur að vera að námsmarkmið, námskröfur o.þ.h. sé samræmt.
2. Engar skýringar hafa fengist á því, frá því drög að frumvarpinu voru lögð fram í febrúar, hvaða hugmyndir frumvarpssmiðir gera sér um framkvæmd „lokaprófa“ í merkingunni stúdentsprófa í skólum sem starfa eftir áfangakerfi. Ef slík framkvæmd gengur þvert á þarfir eða uppbyggingu slíkra skóla er afar ólíklegt að um hana verði nokkur sátt og þá um leið bót fyrir skólastarf.
3. Reynslan af þekkingarbundnum lokaprófum hér á landi er ekki góð og nægir að vísa til Landsprófsins sáluga og hvernig það þróaðist. Einnig má vísa til þeirrar gagnrýni á grunnskólaprófin að farið er að kenna á prófin út frá þeim sjálfum en ekki út frá forsendum námsefnisins.
4. Það er ankannalegt á þessu stigi málsins að ekki liggi á borðinu hvaða „einstakar greinar“ er um að ræða þar sem vafalaust eru auk annarra efasemda ákaflega skiptar skoðanir um það hvort draga eigi námsgreinar í dilka með þessum hætti og þá hvaða greinar séu „merkilegri“ en aðrar.

Kennarafélögin vara við þeirri oftrú sem þeim virðist gæta um þessar mundir á samræmd próf og lesa út úr henni ákveðinn „kreppuhugsunarhátt“ menn horfa á vandamál í skólakerfinu sem eru af margvíslegum toga og leita einfaldra lausna eins og jafnan er síður á Íslandi. Hér skal einnig bent á að hvorki Norðmenn, sem nýverið byltu sínu framhaldsskólakerfi, né Svíar, sem leita nú þekkingar á áfangakerfinu á Íslandi í því skyni að breyta sínum framhaldsskóla, viðhafa samræmd stúdentspróf. Þau tíðkast þó í Danmörku.

Félag sögukennara.

Samræming prófa kann að virðast traustvekjandi í ýmsum greinum en þó ber að vara við henni af ýmsum ástæðum. Reynsla af samræmdum prófum í grunnskólum hefur sýnt að þau valda því að nemendur öðlast það viðhorf að námsgreinar séu mis mikilvægar í eðli sínu og því beri að leggja mismiklar áherslur á nám eftir mikilvægi. Reynsla framhaldsskólakennara í sögu hnígur í þessa átt. Sú tilhneiging er því miður til að grunnskólakennarar hyllast til að nota greinar eins og sögu sem eins konar „uppþótagreinar“ þar sem óhætt er að gefa háa einkunn. Þetta veldur því að æði oft koma nemendur úr grunnskólum upp í framhaldsskóla með mjög villandi upplýsingar um eigin getu í greinum eins og sögu. Sú tilhneiging er ríkjandi að gefa samræmdum greinum vissan forgang í skólakerfinu, ýta öðrum greinum til hliðar og beina allri athyglinni að undirbúningi undir samræmd próf.

Það viðhorf má alls ekki verða ríkjandi að námsgreinar í framhaldsskóla, þar sem fólk er búið undir framhaldsnám á ólíkum sviðum, séu ekki jafnar að rétti. Svo langt má ganga

að halda því fram að samræmd próf í ýmsum greinum gangi á svig við vestrænar lýðræðishugmyndir um frelsi menntunar. Einnig bjóða samræmd próf heim fjöldatakmörkunum í æðri menntun að framhaldsskóla loknum.

Æskilegt væri að leita annarra leiða. Þar má til dæmis stinga upp á leiðum eins og þeirri að menntamálaráðuneyti áskilji sér rétt til að kanna með hlutlægum aðferðum árangur nemenda og vera einstökum skólum til leiðbeiningar um námsmat og kröfur ef ástæða þykir til eða að farið sé fram á slíkt.

Einnig má benda á að mótsögn felst í greininni sjálfri þar sem segir að almennt námsmat sé í höndum kennara og deildarstjóra en sé það hins vegar ekki þegar að lokaprófi kemur.

Enn fremur hlýtur að vera erfitt að skilgreina hvað sé lokapróf og hvenær það sé tekið, að minnsta kosti ef á að fara eftir núverandi skipulagi framhaldsskólanna þar sem nám í einstökum greinum er misjafnt eftir brautum.

Hins vegar hlýtur að vera sjálfsagt að námi sem veitir réttindi til starfa, svo sem í iðngreinum, sé lokið með viðurkenndum hætti.

Orðið „Lokapróf úr framhaldsskóla er veitt geta rétt til frekara náms eða réttindi til starfa“ er loðið og óljóst, því stúdentspróf sem slíkt veitir aðeins réttindi til frekara náms.

Ennfremur má nefna að æskilegt væri að sjá í frumvarpinu ákvæði um þau réttindi sem nemendur ættu að geta treyst á gagnvart námi sínu. Sem dæmi má nefna:

Að allir einstaklingar eigi rétt á almennu námi.

Að allir sem þess óska eigi þess kost að afla sér æðri menntunar eftir hæfileikum sínum, framlagi sínu til námsins, löngun sinni og getu og að fá menntun sína metna til réttinda samkvæmt hlutlægum matsaðferðum eða önnur svipuð.

IX. KAFLI Starfsnám.

Hið íslenska kennarafélag.

Almenn umsögn um kaflann.

Samstarfsnefnd um starfsnám virðist ætlað einhverskonar ráðgjafarhlutverk um þær áherslur sem atvinnulífinu þykir henta í skólakerfinu. Ekki síður hefur nefndin hagsmunagæslu varðandi hvaða starfsgrein skuli ráða tilteknum störfum og hver fjöldi þeirra er sem fá inngöngu í starfsgreinar gegnum takmarkanir á framboði náms í skólum.

Við skoðun verkefnalista *starfsgreinaráðs* í lögnum og umsögninni með lögnum verður ekki annað séð en að starfsgreinaráð verði valdastofnun yfir skólunum. Ráðið hefur beinan aðgang að ráðherra með tillögur sínar. Ráðið hefur sömuleiðis öll þau tók á tilhögun og framkvæmd skólastarfs sem það vill.

Hugmyndin að *kjarnaskólum* í 31. grein er tvíbent. Í lagagreininni og umsögninni með greininni eru taldir upp góðir kostir. Ókostirnir hins vegar miðað við núverandi skólastarf eru þeir að samdráttur í fjárframlögum getur valdið samkeppni um nemendur á milli kjarnaskólans og skólanna sem hann á að þjóna. Þá er í lagagreininni gert ráð fyrir því að ráðherra geri samning við þá stofnun sem tekur að sér að vera kjarnaskóli. Hvaða stofnun gæti þetta verið? Er verið að tala um eitthvað annað en skóla?

IX. kaflinn boðar aukið vinnustaðanám frá því sem nú er. Það er í sjálfu sér eðlilegt að þeir sem koma til starfa á vinnumarkaði fái sérstaka þjálfun. Á þetta hefur skort í atvinnulífinu og þá sérstaklega í störfum ófaglærðra.

Samningum nemenda og uppfræðara um vinnustaðanám er markaður rammi í 32. grein. Til þess að mæta bindandi og gagnkvæmum kröfum sem hljóta að vera samfara auknu

og fjölbreytilegu vinnustaðanámi er greinin allsendis ófullburða.

Dæmi til umhugsunar eru laun nemenda í starfsnámi. Í greininni segir að þeir sem eru á námssamningi skulu taka laun í samræmi við kjarasamninga en ekki er gert ráð fyrir því að þeir sem eru á starfsþjálfunarstigi njóti launa.

Markmið starfsmenntakafla þessa lagafrumvarps.

Í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu er sagt að starfsnám á framhaldsskólastigi sé forgangsverkefni. Því má ætla að næsta skref í málefnum framhaldsskólans verði í hnotskurn með eftirfarandi hætti:

Atvinnulífið ákveður þörfina fyrir vinnuafli hverju sinni og þar með innritun í starfsnám í skólunum. Það ákveður meginlínur í skólastarfi og starfsþjálfun með tveimur stjórnstækjum, hverra starfssvið skarast að nokkru leyti. Þetta eru Samstarfsnefnd um starfsnám sem er stefnumörkunaraðilinn og Starfsgreinaráð sem eru einskonar fræðslunefndir og skulu þær vera framkvæmda og eftirlitsaðilinn. Að auki er gert ráð fyrir því að ótiltekinn hluti starfsnáms, sérstaklega í löggiltum iðngreinum og almennum störfum sem þeim tengjast, fari ekki fram í framhaldsskólum heldur stofnunum á vegum samtaka atvinnulífsins sem annaðhvort starfa á eigin vegum eða sjálfstætt í húsakynnum framhaldsskóla.

Samstarf á breiðum vettvangi?

Það vekur furðu að starfsmenntun er öll að því er virðist einkamál menntamálaráðherra og þeirra aðila í atvinnulífinu sem sýna málefninu áhuga. Menntamálaráðuneytinu sjálfu virðist ekki ætlað að hafa í gangi starfsemi sem fjalli um starfsmenntir. Fátt virðist eiga að stuðla að frumkvæði og framtaki skólanna að frátöldum möguleika þeirra til að kaupa sér samráðsaðila samanber ráðgjafanefndir í 30. grein.

Sjónarmið kennarasamtakanna.

Kennarasamtökin álíta að IX. kafla lagafrumvarpsins um starfsnám stuðli ekki að betra samstarfi atvinnulífsins og skólanna um starfsnám. Það getur ekki stuðlað að betri skóla að draga enn meira úr frumkvæði skólanna frá því sem nú er. Nóg er kostur þeirra þröngur samt. Samstarf verður heldur ekki ræktað ef annar aðilinn, í þessu tilfelli atvinnulífið, hefur öll ráð hins í hendi sinni.

25. gr.

Starfsnám skal stuðla að almennri menntun nemenda, veita þeim undirbúning til tiltekinna starfa og innsýn í hlutverk fyrirtækja og starfsfólks í atvinnulífi. Náminu er jafnframt ætlað að hvetja nemendur til að viðhalda þekkingu sinni og bæta við hana með endurmenntun eða áframhaldandi námi.

Starfsnám skiptist á skóla og vinnustað eða fer fram eingöngu í skóla. Námið er bóklegt og verklegt og skal mynda sem samfelldasta heild svo að nemendur fái betur skilið tengsl fræðilegra og hagnýtra þátta. Áhersla skal lögð á að innihald starfsnáms taki mið af þörfum starfsgreina fyrir fagmenntun starfsfólks til einstakra starfa á hverjum tíma.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

1. málsgrein. Í atvinnulífinu er hugtakið „endurmenntun“ notað þegar einstaklingur stundar nám fyrst og fremst til upprifjunar á fyrra námi. Hugtakið „eftirmenntun“ er notað í atvinnulífinu þegar einstaklingur viðheldur menntun sinni m.a. með því að tileinka sér nýjungar á starfsvettvangi sínum. Hugtakið „símenntun“ er notað yfir hvaðeina nám þar sem einstaklingurinn heldur sér í námsþjálfun jafnhliða að tileinka sér þekkingu. Eðlilegt er að í greinargerð með frumvarpinu komi fram skilgreining á þessum hugtökum.

2. málsgrein. „Áhersla skal lögð á að innihald starfsnáms taki mið af þörfum

atvinnuveganna um fagmenntun starfsfólks til einstakra starfa á hverjum tíma“. Tvíbent er að setja fram ákvæði sem felst í orðalaginu „taki mið af þörfum atvinnuveganna“ o.s.frv. Þessi framsetning getur kallað á óheppilega túlkun er leiddi til þröngrar og takmarkandi skilgreiningu á „þörfum“ atvinnuveganna. Það getur ekki verið ætlun löggjafans að svo fari og því væri heppilegra að innihald starfsnáms taki mið af aðstæðum atvinnuveganna og framtíðarsýn innan þeirra. Þá er hugtakið „til einstakra starfa“ óskýrt og nauðsynlegt er að það hverfi úr lagatextanum.

Menntaskólinn við Sund.

25.-32. gr.:

Tekið skal undir þá áherslu sem 18 manna nefnd leggur í skýrslu sinni á *eflingu verk- og starfsmenntunar* og nauðsyn þess að gera hana *fjölbreyttari*. Spyrja má hvort það „stjórnkerfi“ sem frv. gerir ráð fyrir á þessu sviði sé ekki óþarflega viðamikilt og þunglamalegt.

Hið íslenska kennarafélag.

Ótvírætt kemur fram í greininni að starfsnám skuli sérstaklega búa nemendur undir tiltekin störf. Jafnframt gefur síðasta setning lagagreinarinnar tilefni til að álykta að gerðar verði takmarkanir á námsframboði miðað við mannaflapörf hverju sinni.

Greinin verður að gefa afdráttarlausari fyrirheit um að áherslur í starfsnámi verði einnig á breiða almenna menntun. Hér má vísa til Skýrslu nefndar um mótun menntastefnu bls. 59 og 66. Nám sem er sérhæft við ákveðið starf rýrir möguleika einstaklingsins til að laga sig að öðrum störfum í breytilegu samfélagi.

Samtök iðnaðarins.

Í 25. gr. frumvarpsins er getið um starfsnám í framhaldsskóla. Samtök iðnaðarins gera sér grein fyrir því að hér á landi eigum við langt í land með að ná svipuðum fjölbreytileika í starfs- og iðnnámi og í nágrannaríkjum okkar. Samtök iðnaðarins lýsa sig fús að taka þátt í því þróunarstarfi sem þessi grein frumvarpsins vísar fram til.

Samband iðnmenntaskóla.

Með vaxandi atvinnuleysi hafa nemendur í löggiltum iðngreinum átt erfiðara með að komast í starfspjálfun en áður. Starfspjálfun er nú undanfari sveinsprófs og of margir nemendur hafa þess vegna þurft að una því að geta ekki lokið námi sínu. Stjórnin leggur því til að í frumvarpið verði sett ákvæði um það að nemendum á löngum verknámsbrautum sé heimilt að taka sveinspróf strax að loknu burtfararprófi úr skóla. Þeir hljóti ekki full réttindi í greininni fyrir en þeir hafa lokið tilskildum starfspjálfunartíma.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Fyrst og síðast verður verkmenntun eflað með því að auka fjárveitingar til náms, sem skipulagt er fyrir raunverulegar þarfir úti í þjóðfélaginu. Það er gjörsamlega tilgangslaust að skipuleggja áferðarfallugar brautir ef samfélagið vill ekki nýta sér þekkinguna. Við teljum okkur reka hér starfsnám, sem er til fyrirmyndar. Nemendur eru innritaðir í samvinnu við atvinnulífið til þess að fullnægja þörf, sem þar er fyrir hendi, hvorki fleiri né færri. Við endurmenntum þessar stéttir í samvinnu við vinnuveitendur og stéttarfélög. Kostnaðarhlutdeild þátttakenda er misjöfn. Sumt greiðir skólinn að fullu, annað nemendur og allt þar á milli.

Við bendum á að lokum, að hver nemandi í bóknámi kostar í kennaralaunum 169.000 kr., en hver verknámsnemandi 20-40% meira, auk þess sem hinir síðartöldu þurfa í raun örari

endurmenntun, og tækjakostur í starfsmenntaskólum er dýr og þarfnast síviðhalds. Þetta frumvarp er því ávísun á verulega hækkun framlög til menntamála.

26. gr.

Menntamálaráðherra skipar samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð 18 fulltrúum, þar af 12 tilnefndum af eftirtöldum aðilum atvinnulífs: 5 frá Alþýðusambandi Íslands, þar af skal 1 vera fulltrúi nema, 1 frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 5 frá Vinnuveitendasambandi Íslands og 1 frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Leitast skal við að fulltrúar atvinnulífsins komi úr sem flestum atvinnugreinum. Auk þess sitja í nefndinni 1 fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og 5 fulltrúar skipaðir án tilnefningar og skal a.m.k. 1 þeirra vera starfsmenntakennari og 1 stjórnandi starfsmenntaskóla. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Samtök atvinnurekenda, launþega og sveitarfélaga greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í samstarfsnefndinni en menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af störfum fulltrúa menntamálaráðherra og leggur nefndinni til skrifstofuþjónustu.

Iðnskólinn í Reykjavík.

Bent er á að eðlilegra sé að samtök sveina og meistara tilnefni fulltrúa í samstarfsnefnd en að ASÍ og VSÍ geri það og ekki verður séð að neitt kalli á að BSRB og VSS tilnefni menn í slíka nefnd. Slík nefnd ætti að vera skipuð fulltrúum launafólks og vinnuveitenda úr þeim starfsgreinum sem helst þurfa á starfsnámi að halda.

Hið íslenska kennarafélag.

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi virðist í meginatriðum ráðgefandi. Nefndin hefur ekki bein afskipti af starfi skólanna en vinnur fyrir og með ráðherra/ráðuneyti.

Eðlilegast er að þessi hópur væri skipaður af öllum heildarsamtökum eða málssvörum sjálfstæðra greina í atvinnulífinu og ráði sjálfur hvernig valið er í sætin. Óþarfi er að gera ráð fyrir tilteknum valdahlutföllum í lögum. Einfaldast og eðlilegast er að hver aðili sem að þessu kemur skipi einn fulltrúa en geti síðan haft eins stóran bakhóp og verða vill til faglegs starfs. Enda greiða viðkomandi kostnað af starfi sínu.

Félaga kennara í tré og byggingagreinum.

Leggjum til að kennarar fái hér meiri áhrif m.a. til að túlka kennslufræðileg viðhorf og efla samstarf skóla og atvinnulífs. Hér ættu nemar að hafa einhver áhrif. Einhliða atvinnulífsnefnd er varla samstarfsnefnd.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

26.-28. gr.

Við getum ekki látið hjá líða að gera athugasemd við 26.-28. grein, um starfsnám og stjórn þess. Það er þunglamalegt; af hverju er einungis 1 frá BSRB og öðrum samtökum opinberra starfsmanna? Öll starfsmenntun í þessum skóla snýst um að mennta fólk, sem ekki rúmast undir hatti ASÍ/VSÍ, eru þeir einu „aðilar vinnumarkaðarins“? Við höfum hins vegar reynslu af fagráði og þau eru gagnleg. Hér er lyfjateknibraut, og í fagráði hennar sitja þeir sem gleggst mega þekkja málefni lyfjatækna frá ýmsum hliðum. Fagráðið tryggir, að kennslan sé með þeim hætti hverju sinni, að lokapróf þjóni þeim markmiðum, sem sett eru.

Samband iðnmenntaskóla.

Stjórn Sambands iðnmenntaskóla fagnar yfirlýsingum um eflingu starfsnáms í frumvarpinu og í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu. Stjórnin geldur varhug við því að setja upp fjölmennar valdastofnanir sem eiga að sjá um og bera ábyrgð á skipulagi iðnnáms og annars starfsnáms. Á undanförunum áratugum hefur reynslan sýnt að slíkar nefndir og ráð hafa verið óskilvirk. Ekki bætir um að skólarnir eru að mestu leyti sniðgengnir í skipan þessara nefnda, t.d. Sambandi iðnmenntaskóla.

Nauðsynlegt er að sem flestir hafi frumkvæði að umbótum á skipulagi náms, þ.m.t. skólar, kennarar og nemendur. Hætta er á að viðamikil bákn sem ætlað er að hafa allt frumkvæði og vald drepi starfsemi skólanna í dróma. Skólarnir verða að hafa frelsi til þess að brydda upp á nýjungum, m.a. að bjóða upp á námsbrautir til reynslu. Óæskilegt er að samstarf skóla og atvinnulífs eigi að vera háð starfsgreinaráðum. Eðlilegt væri að skóli og starfsgreinafélög í viðkomandi byggðarlagi kæmu sér saman um skipun ráðgjafarnefnda við skóla. Ráðgjafarnefndir sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu ættu að styrkja tengslin milli skóla og atvinnugreina.

27. gr.

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi stuðlar að tengslum skóla og atvinnulífs og er menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun í starfsnámi og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms. Nefndin gerir tillögur um skipan starfsgreina í starfsgreinaflokkum í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega í viðkomandi greinum, forgangsöröðun verkefna í starfsnámi svo og sérstakar tilraunir og þróunarverkefni. Nefndin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi við staðfestingu menntamálaráðherra.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

Tekið er undir þessa hugmynd enda er rétt að búa til sameiginlegan vettvang þar sem fjarlægðir eru styttrar milli þeirra sem fjalla um iðnnám og hinna sem koma að almennu starfsnámi. Ráðuneytið ætti að geta orðið góður starfsvettvangur fyrir þennan hóp til að vinna að þróun og eflingu starfsmenntunar á framhaldsskólastigi.

Iðnskólinn í Reykjavík.

Um 27., 28. og 29. gr.:

Varað er við breytingu hugtaka úr iðngrein o.s.frv. í starfsgrein. Brýnt er að breytt hugtakanotkun stuðli ekki að því að minni kröfur verði gerðar til iðnmenntunar en nú er. Þvert á móti þarf að auka slíkar kröfur nú, þegar framundan er frjáls samkeppni á evrópskum vinnumarkaði.

Skólanefndin bendir á nauðsyn þess að fólk með kennaramenntun sé í starfsgreinaráði (iðngreinaráði). Að öðru leyti hvetur nefndin til þess að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi.

Hið íslenska kennarafélag.

Verksvið nefndarinnar má vera eins og lagt er til í lagafrumvarpinu; að hafa heildarsýn yfir atvinnulífið í landinu, tengsl þess við skólana og þróun verkmenningar.

28. gr.

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokkum eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi

menntamálaráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Allar starfsgreinar sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi skulu eiga kost á fulltrúaaðild að starfsgreinaráði og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Formaður skal kjörinn úr hópi fulltrúa til tveggja ára í senn. Ef ekki tekst að skipa starfsgreinaráð er menntamálaráðherra heimilt að skipa tímabundið sérstaka starfshópa til að sinna verkefnum starfsgreinaráðs.

Samtök atvinnurekenda og launþega greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í starfsgreinaráði og menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af fulltrúa menntamálaráðherra og af sérfræðilegri vinnu við námskrárgerð.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

1. málsgrein. „Allar starfsgreinar sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi...“. Heppilegra orðalag væri: „Allar starfsgreinar sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi eða þar sem slík fræðsla er í undirbúningi...“. Þessi breyting er nauðsynleg í ljósi þess hve fáar starfsmenntabrautir eru til sem tilheyra almennum vinnumarkaði.

Skólameistarafélag Íslands.

28. og 29. gr.:

Stjórn SMÍ hefur litla trú á starfsgreinaráðum fyrir einstakar starfsgreinar eða starfsgreinaflokkka. Í frumvarpinu er kynnt sama skipulag og ríkjandi hefur verið í iðngeiranum. Þar virðast menn almennt sammála um að fyrirkomulagið sé seinvirkt og skili takmörkuðum árangri. Við teljum eðlilegra að hverjum skóla sé heimilt að stofna starfsráð í einstökum greinum á sínu starfssvæði og hafa þannig frumkvæði að nýbreytni og endurnýjun í starfsmenntun. Þess vegna leggjum við til að 28. og 29. gr. verði felldar burt en 30. gr. geti komið í þeirra stað.

Hið íslenska kennarafélag.

Starfsgreinaráð verði bæði ráðgjafanefnd (30. grein fellur þá út úr lögnum) og fræðslunefnd. Hópurinn nefnist þá Starfsgreinanefnd. Eðlilegast er að skipun í nefndina verði eins og gert er ráð fyrir í greininni því mikilvægt er að fagleg störf verði í fyrirrúmi og skiptir þá fjöldi fulltrúa minna máli en hæfni þeirra til að meta gildi samstarfs atvinnulífs og skóla.

Félag kennara í tré og byggingagreinum.

28.-29. gr.

Hér finnst okkar að kennarar eigi að hafa ákveðna aðild og vísam þá til jákvæðrar reynslu í núverandi fagnefndum (m.a. í fagnefnd húsasmiða).

Þar sem starfsgreinaráð ætti að láta verulega til sín taka, á vinnustaðnum, þar er aðeins sagt „að þess sé að vænta að starfsgreinaráð stuðli að sem bestum námsaðstæðum á vinnustað“ eins og segir í greinargerð.

Með fullri virðingu fyrir fulltrúum atvinnulífs, þá teljum við reynslu fyrir því að þeir hafi ekki þá þekkingu á skólamáli og almennum þörfum nemenda sem þarf til að hafa þau miklu völd og áhrif eins og hér er lagt til.

Við skiljum ekki það vanmat á hæfni kennara sem hér kemur fram og lýsir sér í því að þeir eru ekki hafðir með í ráðum.

Vörum við þeirri stefnubreytingu sem hér er verið að gera með því að setja atvinnulífið yfir suma starfsnámsskóla, helst þá sem falla undir iðnað, það getur leitt til þess að þessir skólar þjóni eingöngu þröngum fagsjónarmiðum en ekki almennum þörfum nemenda eins og segir í 2. gr.

Hagsmunir atvinnurekenda og jafnvel launþega eru oft að mennta ekki of marga í grein, loka greinunum og kenna einungis fyrir farið en minna af því sem hugsanlega auðveldar nemendum að flytjast milli greina eða gerir þá færari um „að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi“.

Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum.

Aðild kennara að stjórnnum og ráðum:

Stjórn SKVOH telur alvarlegan galla á frumvarpinu að ekki er tryggð virk þátttaka skólanna í starfsgreinaráðum og telur eðlilegra að þeir aðilar sem þurfa að vinna saman að þróun starfsnámsins fengju svipað vægi í starfsgreinaráðum.

29. gr.

Starfsgreinaráð skilgreinir þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setur fram markmið starfsnáms.

Starfsgreinaráð gerir tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms svo og um tilhögun námsmats og eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis. Það gerir einnig tillögur að skiptingu náms í skóla og á vinnustað svo og reglum um vinnustaðanám, viðurkenningu á vinnustöðum til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning og aðstöðu, búnað og kennarakost skóla sem annast starfsnám.

Starfsgreinaráð skal hafa frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðið heyra.

Að fengnum tillögum starfsgreinaráðs gefur menntamálaráðherra út námskrá í sérgreinum starfsnáms sem hluta af aðalnámskrá framhaldsskóla og reglur um framkvæmd starfsnáms í einstökum starfsgreinum.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

2. málsgrein. Þar sem starfsgreinaráð á að gera tillögur um tilhögun námsmats og lokamats liggur í augum uppi að sveinspróf verða ekki lögð niður nema það geri tillögur um annað í staðinn til ráðherra.

Hið íslenska kennarafélag.

Verksvið nefndarinnar verði faglegs eðlis með tillögugerð, ráðgjöf og/eða umsögn um málefni starfsnáms. Starfsvettvangur nefndarinnar verði þrjúþættur:

1. Samskipti viðkomandi nefndar inn í skólann/skólana verði beint við viðkomandi deildir eða starfsgreinasvið. Skýr mörk verði dregin um það hve mikil afskipti nefndin geti haft af skólastarfinu.
2. Samskipti við ráðuneytið verði gerð starfslýsinga og tillagna að meginmarkmiðum í námskrám, en einnig upplýsingamiðlun um atvinnulífið sem ráðuneytið og samstarfsnefndin kynni að þarfnast.
3. Að afla stöðugt vitneskju um fagleg málefni í atvinnulífinu sem varða starfsnám.

30. gr.

Til að stuðla að sem bestu samstarfi skóla og atvinnulífs er skólanefnd heimilt að setja á fót eina eða fleiri ráðgjafarnefndir við skóla með fulltrúum atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Skólar leiti til starfsgreinaráða um tilnefningar fulltrúa í ráðgjafarnefndir í byggðarlagi.

ASÍ og Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

Líklega verður ekki hægt að binda miklar vonir við ráðgjafarnefndir af þessu tagi en þær geta hins vegar orðið undanfari raunverulegs samstarfs skóla og atvinnulífs vítt og breitt um landið.

Í greinargerðinni með frumvarpinu er ofsagt um reynslu sem lofar góðu af ráðgjafarnefndum við Iðnskólann í Reykjavík.

Hið íslenska kennarafélag.

Þessi grein verður óþörf. Ekki verður séð að þörf verði fyrir sérstaka lagagrein þó einhverjir skólar vilji hafa samvinnu við aðila utan skólans.

31. gr.

Menntamálaráðherra getur, að fenginni umsögn starfsgreinaráðs og stofnaðila, gert framhaldsskóla eða deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla um lengri eða skemmri tíma. Í samráði við starfsgreinaráð hefur kjarnaskóli forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir í starfsnámi og aðstoðar aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði.

Í samningi er menntamálaráðherra gerir við þá stofnun er tekur að sér hlutverk kjarnaskóla skal verkefnið skilgreint, stjórnun þess, lengd samningstíma og hvernig úttekt þess skuli háttað. Hagsmunaaðilar á vinnumarkaði geta átt aðild að slíkum samningi.

ASÍ og Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

2. málsgrein. „Hagsmunaaðilar á vinnumarkaði geta átt aðild að slíkum samningi“. Í stað þess að aðilar á vinnumarkaði geti átt aðild væri heppilegar að taka fram að leitast skuli við að aðilar á vinnumarkaði eigi aðild.

Hið íslenska kennarafélag.

Hlutverk kjarnaskóla er eðlilegt, starfi þeir sem slíkir innan framhaldsskólans. Það verður að vera afdráttarlaust að kjarnaskólar eru framhaldsskólar en ekki einhverjar ótilteknar stofnanir.

Samband iðnmenntaskóla.

Þá vill stjórnin benda á að hugmyndin um kjarnaskóla getur verið varhugaverð, þar sem hún myndi hamla gegn æskilegri samkeppni á milli skóla og framförum sem hún hefði í för með sér. Varað er við því að einn skóli sé látinn sitja yfir annars hlut en athygli vakin á nauðsyn þess að frumkvæði að umbótum geti átt sér stað sem víðast, m.a. í hverjum skóla. Þó er talið æskilegt að skóli sem telur sig þurfa á þjónustu að halda frá öðrum skóla geti keypt hana af hvaða skóla sem er enda fái hann fjárveitingu frá ráðuneyti til þess að greiða fyrir þjónustuna.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Við fögnum ákvæði um kjarnaskóla. Þessi skóli er kjarnaskóli í raun fyrir heilbrigðismenntun á framhaldsskólastigi, bæði í grunnmenntun og endurmenntun. Margt er á döfinni, sem óþarfi er að tunda hér.

32. gr.

Verknám og starfsþjálfun á vinnustað byggir á ákvæðum aðalnámskrár og reglum um vinnustaðanám í viðkomandi starfsgrein. Um vinnustaðanám skal gera sérstakan starfsþjálfunarsamning milli skóla og vinnustaðar eða námssamning milli nema og vinnuveitanda.

Námssamningur skal undirritaður við upphaf vinnustaðanáms og staðfestur innan eins mánaðar. Þar skal tilgreindur reynslu- og gildistími samningsins. Ákvæði um laun og önnur starfskjör skulu vera í samræmi við gildandi kjarasamninga að því er varðar nema í viðkomandi starfsnámi.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skulu vera ákvæði um starfsþjálfunarsamninga. Þar skal einnig kveðið á um form, staðfestingu og skráningu námssamninga, svo og samningsslit og meðferð ágreiningsefna er upp kunna að koma varðandi framkvæmd samnings. Áður en reglugerð þessi er sett skal leitað umsagnar aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda.

Hið íslenska kennarafélag.


Í sérhvert skipti er nýliði kemur til starfa á vinnustað þarf hann tilsögn til starfsins. Að öðrum kosti er erfiðara fyrir einstaklinginn að vinna til launa sinna og hætta á slysum eða óhöppum eykst.

Það er ákaflega mikilvægt að þeir sem gera sérstakan samning um nám eða starfsþjálfun fái það sem um var samið. Vinnustaðanám verður að standa undir nafni. Vinnustaðanám má ekki vera tilboð um ódýrt vinnuafli.

Meiri fjöldi samninga, milli nemenda og vinnuveitenda, um einhverskonar vinnustaðanám hlýtur að valda ákveðnari kröfum um gerð samninga frá lagalegu sjónarmiði.

Lagagreinin gerir ekki nógu skýra grein fyrir mismunni samningsformanna. Atriði sem hér um ræðir eru m.a. ábyrgð vinnustaða og hæfni til nematöku og efdum þeirra fyrirheita um menntun sem gefin eru.

Meðfylgjandi mynd sýnir skipurit yfir stjórnkerfi starfsnáms samkvæmt meðfylgjandi tillögum.



X. KAFLI

Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

33. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að bjóða nám í öldungadeildum fyrir nemendur 20 ára og eldri. Nám í öldungadeildum skal vera jafngilt námi á einstökum námsleiðum framhaldsskólans, en skipulagning náms og kennsluhættir taki mið af því að um fullorðna nemendur er að ræða.

Fyrir kennslu í slíku námi skulu nemendur greiða gjald sem nemur sem næst þriðjungi kennslulauna og kennslugögn. Menntamálaráðherra setur reglur um hlutdeild öldungadeildarnemenda í efniskostnaði. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skulu sett í reglugerð.

ASÍ og Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

1. málsgrein. Fagna ber sérstaklega að nám í öldungadeildum skuli vera jafngilt námi á einstökum námsleiðum framhaldsskólans, en skipulagning náms og kennsluhættir taki mið af því að um fullorðna nemendur er að ræða. Þessi nýmæli í lögum um framhaldsskóla eru einkar athyglisverð og lofar góðu fyrir fullorðið fólk að löggjafinn viðurkenni að um margt verði að veita fullorðnum námsmönnum annarskonar þjónustu en er sérstaklega sniðin að ungmönnum. Þá er hugtakið jafngilt nám afar mikilvægt þar sem ekki á að skipta máli hvaða leiðir eru farnar í þekkingaröflun heldur yfir hvaða þekkingu einstaklingurinn býr að loknum skóla. Með þessu verður skólanum skylt að meta reynslu og þekkingu fullorðinna námsmanna til jafngildis við skólanám. Þessi hugsun um jafngildi leysir skólann einnig undan því að þurfa að kenna fullorðnum námsgreinar sem fyrst og fremst eru ætlaðar til að auka þroska ungmenna en bæta litlu sem engu við reynslu fullorðinna námsmanna.

Athugandi er fyrir löggjafann að kalla aðila vinnumarkaðarins til samstarfs um endurreisn og uppbyggingu öldungadeilda enda getur varla verið heppilegt að takmarka vinnu við slíkt við skólana eina. Á samstarfsvettvangi ráðuneytis og atvinnulífs ætti því að bæta öldungadeildum við á verkefnalistann.

2. málsgrein. Athugasemd er gerð við að sú regla verði algild að öldungadeildarnemar greiði er nemur sem næst þriðjungi kennslulauna. Öldungadeildir verða m.v. greinargerð með 32. grein frumvarpsins þjónustuaðili við atvinnulífið á sviði grunnmenntunar og starfsnámsbrauta þar sem þær deildir eru ætlaðar starfandi fólki. Námsgjöld af þeirri upphæð sem um er getið í 32. grein gæti torvelað láglaunafólki þátttöku í námi en fyrir fólk í slíkri stöðu er starfsnám tvímælalaust ein brýnasta aðgerð á sviði fræðslumála. Um almennt nám í öldungadeildum gæti sú regla gilt, þegar námsmaður hefur sýnt að hann er í raunverulegu námi í öldungadeild, að afsláttur verði veittur af skólagjöldum til hagræðis fyrir nemandann og sem hvatning fyrir hann að vinna hratt og vel.

34. gr.

Framhaldsskóla er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að starfrækja endurmenntunarnámskeið eða annars konar nám í samráði eða samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa, t.d. með farskólasniði.

Halda skal kostnaði vegna þessara námskeiða aðgreindum frá öðrum rekstri skólans og skal hann greiddur að fullu af þeim aðilum er að námskeiðum standa með skólans eða með þáttökugjöldum.

Gera skal samning milli samstarfsaðila og skólans þar sem gengið er frá fyrirkomulagi og full greiðsla kostnaðar tryggð.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Í 34. grein er fjallað um endurmenntun. Við höfum haft endurmenntun heilbrigðisstétta á okkar könnu um nokkurt skeið og komið henni í ákveðinn farveg, sem óþarft er að fjölýrða um. En útilokað er að fallast á það ákvæði frumvarpsins, að endurmenntun eigi að öllu leyti að vera á kostnað þeirra sem njóta hennar. Það er útilokað af þeirri ástæðu, að í fjöltækisamfélögum nútímans er símenntun nauðsynleg og hagkvæm fyrir þjóðina. Atvinnuleysi veldur því einnig, að menn leita nýrra leiða til þess að sjá sér farborða. Full þátttaka í kostnaði við slíka endurhæfingu, ef nota má það orð, veldur því, að slíkar vonir fæðast andvana.

XI. KAFLI**Skólasafn.****35. gr.**

Í öllum framhaldsskólum skal vera skólasafn. Hlutverk þess er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla. Í tengslum við húsnæði skólasafns skal vera lesaðstaða með aðgangi að upplýsingaritum á skólasafni.

Í starfsemi skólasafns skal leggja áherslu á að þjálfa nemendur í sjálfstæðri leit upplýsinga og notkun gagnabanka.

XII. KAFLI**Stofnun og bygging framhaldsskóla.****36. gr.**

Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Ákvæði þetta á þó ekki við um skóla sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt ákvæðum 40. gr.

Standi ríki og sveitarfélag/félög sameiginlega að stofnun framhaldsskóla skal gera samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis, sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að, vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn framkvæmda, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárlaganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð og stofnbúnað framhaldsskóla og heimavista við þá, skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaður) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast undirbúning og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án kvaða eða gjalda. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á undirbúningi verks og stjórnar framkvæmdum, án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga, greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða að fengnu samþykki fjárlaganefndar.

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Um umframkostnað, sem af því kann að leiða, skal samið sérstaklega milli byggingaraðila. Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur og hann staðfestur af menntamálaráðuneytinu.

Menntamálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og málsmeðferð varðandi undirbúning framkvæmda samkvæmt þessari grein. Menntamálaráðuneytið skal að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja reglur um viðmiðun stofnkostnaðar og búnaðar (norm) er skipting áætlaðs byggingarkostnaðar miðist við.

Skólameistarafélag Íslands.

Við vekjum athygli á því að samkvæmt frumvarpinu er sveitarfélögum ætlað að greiða hluta í byggingu heimavista. Spyrja má hvort ekki sé eðlilegt að ríkið greiði að fullu þann kostnað enda er heimavistum ætlað að hýsa nemendur úr öðrum sveitarfélögum en þeim sem heimavistimar eru byggðar í.

Menntaskólinn við Sund.

Bent skal hér á nauðsyn þess að staðið verði í verki við þau ákvæði (sem raunar eru einnig í núgildandi lögum) að settar skuli *viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla*. Setning slíkra reglna er ein forsenda þess að *eldri skólar* sem aldrei hefur verið byggt yfir sérstaklega fái nauðsynlegar *úrþætur* á aðstöðu sinni. Verði áfram látið reka á reiðanum í þessum efnum er boðið heim stórfelldri mismunun milli skóla - og þá um leið nemenda.

37. gr.

Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða.

Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsnáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

XIII. KAFLI

Rekstur framhaldsskóla.

38. gr.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur til fjárveitingar á fjárlögum til hvers skóla á grundvelli samþykkrar kennslu- og fjárhagsáætlunar skólans til þriggja ára. Áætlun þessi skal endurskoðuð árlega með tilliti til nemendafjölda skólans.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað vegna kennslu, stjórnunar og annarra starfa. Menntamálaráðherra skal gefa út reglugerð þar sem settar eru fram reglur (reiknilíkan) til að reikna út kennslukostnað skóla. Við útreikninga þessa skal miðað við fjölda nemenda, lengd og tegund náms, fjölda kennslustunda á viku samkvæmt aðalnámskrá, kostnað sem leiðir af kjarasamningum og annað sem kann að skipta máli. Í reglugerð þessari skulu einnig vera viðmiðunarreglur um framlög til annarra starfa en kennslu.

Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað skóla, svo og viðhald húsa og tækja. Rekstrarframlag er greitt til skóla samkvæmt ákvæðum í samningi er gerður skal við menntamálaráðuneytið. Heimilt er skólanefnd, ef þörf krefur, að millifæra fé af rekstrarlið fjárlaga til launaliðar og af launalið til rekstrarliðar.

Meiri háttar viðhald framhaldsskóla í eigu ríkissjóðs skal greitt af sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis sem ákveðin er í fjárlögum í samræmi við sérstaka viðhaldsáætlun til þriggja ára í senn sem menntamálaráðherra gerir. Um undirbúning viðhaldsframkvæmda og umsjón með þeim fer með sama hætti og aðrar slíkar framkvæmdir á vegum ríkisins.

Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann undir stjórn skólameistara.

Menntaskólinn við Sund.

Vafalaust horfir til heilla að unnið verði sanngjarnt og raunhæft *reiknilíkan* til ákvörðunar fjárveitinga til einstakra skóla. Við slíka vinnu verður þá að taka mið af *stórauignum skyldum* sem skólunum eru lagðar á herðar með fyrirbyggjandi frv. t.d. varðandi ráðgjöf, sjálfsmat og fleiri þætti.

Ef sú heimild til *millifærslu* milli launa og rekstrar og öfugt sem í frv. felst samrýmist þeim kröfum sem gera verður til góðrar fjármálaumsýslu ber að sjálfsögðu að fagna þeim *sveigjanleika* sem slík heimild býður upp á.

Tekið skal undir það ákvæði frv. að gerð skuli *áætlun um meiri háttar viðhald* skólamannvirkja í eigu ríkisins. Það er löngu tímabært að handhafar framkvæmdar- og fjárveitingarvaldsins átti sig á því að það skiptir ekki minna máli að halda eignum ríkisins við en reisa nývirki.

Hið íslenska kennarafélag.

Kennarafélagin telja að varlega þurfi að fara með heimildir til að færa fé af launalið til rekstrarliðar.

39. gr.

Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist við framhaldsskóla er ríkið rekur, greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum og rekstri mötuneyta samkvæmt sérstökum reglum sem menntamálaráðherra setur.

Skólameistari hefur umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis nemenda.

Skólameistarafélag Íslands.

Nemendum er ætlað að bera kostnað af rekstri mötuneyta. Í nútíma samfélagi eiga nemendur ekki auðvelt með að leita heim til sín í hádeginu og njóta þar holls matar. Spyrja má hvort ekki sé jafnvel ástæða til að ríkið greiði allan mat nemenda í framhaldsskólum sem lið í manneldisstefnu er stuðli að því að ungt fólk neyti holls matar á lágu verði.

Menntaskólinn við Sund.

Nú er mjög í tísku að móta *langtímastefnu* á ýmsum sviðum. Gerðar hafa verið áætlanir um heilbrigði fyrir alla, áætlanir um að draga kerfisbundið úr ýmiss konar mengun og hefur ekki ríkið líka látið samþykkja *manneldisstefnu*? Væri nú ekki heillaráð til framdráttar fyrirnefndri manneldisstefnu að ríkið axlaði þá ábyrgð að *kosta rekstur mötuneyta*

fyrir nemendur í framhaldsskólum (þ.e. laun starfsmanna)? Lögfesting slíkra ákvæða myndi gera stjórnendum skólanna kleift að hafa nokkurt forræði um rekstur þessara mótuneyta og þar með áhrif á *neysluvenjur* nemenda. Þar með sköpuðust betri skilyrði til að sveigja þær að markmiðum yfirlýstrar mannelisstefnu.

XIV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

40. gr.

Einkaaðilar og/eða samtök geta stofnað skóla á framhaldsskólastigi enda uppfylli þessir skólar ákvæði laga og reglugerða um námsframboð, kennsluskipan og eftirlit og hafi hlotið starfsleyfi menntamálaráðuneytis. Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til þessara skóla. Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

ASÍ og Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

Framlag ríkissjóðs til einkarekinna framhaldsskóla verði háð því að skólagjöld hljóti samþykki menntamálaráðherra á ári hverju.

41. gr.

Samtök atvinnurekenda og launþega geta gerst aðilar að stofnun og/eða rekstri framhaldsskóla eða hluta hans. Um slíka aðild skal gerður samningur milli aðila er kveði á um framlög og aðild að stjórnun hans ef um slíkt á að vera að ræða.

42. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði gilda sömu ákvæði og um aðra framhaldsskóla varðandi rekstrar- og stofnkostnað, sbr. 36. og 38. gr., enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt áætlun um rekstur skóla og fé verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði. Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu þessara laga og samkvæmt námskrám og reglugerðum sem settar verða.

Verði skólar þessir lagðir niður eða húsnæði þeirra eigi nýtt til kennslu eða heimavistar fær ríkissjóður eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ríki ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptingu og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Skal einn skólanefndarmaður tilnefndur af menntamálaráðherra en eignaraðilar skipa hina. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignausýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólameistara svo og kennara í samráði við hann. Nefndin kys sér sjálf formann og varaformann.

ASÍ og Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

Sett verði ákvæði að heimilt verði að nýta skólahúsnæði fyrir fræðslu- og félagsstarfsemi aðila utan skólakerfisins með sömu skilyrðum fyrir leigu og um getur í 42. grein.

Verzlunarskóli Íslands.

Verzlunarskóli Íslands mælir með því að frumvarpið nái fram að ganga með svofelldri

breytingu:

Við 42. gr. bætist ný málsgrein sem hljóði svo:

„Að öðru leyti en segir í 1.-4. mgr. þessarar greinar ná lög þessi ekki yfir starfsemi Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands.“

Greinargerð

Ljóst er að verði framkomið frumvarp að lögum mun staða íslenskra framhaldsskóla styrkjast verulega og þar með möguleikar þeirra á að auka þjónustu sína við nemendur og nýta betur þá fjármuni sem til þeirra er varið. Sérstaklega á þetta við um breytingar sem gerðar eru á stjórnskipulagi skólanna með skýrari afmörkun valds og ábyrgðar þeirra manna sem þar vinna. Ástæða er því til að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Það er sameiginlegur skilningur stjórnar Verslunarráðs Íslands og Verzlunarskóla Íslands að einungis 42. gr. frumvarpsins taki beint til Verzlunarskóla Íslands, enda er skólinn lögformlega sjálfstæð stofnun. Verzlunarskóli Íslands er sjálfseignarstofnun undir vernd Verslunarráðs Íslands og starfar skv. skipulagsskrá sem staðfest var 15. júní 1993 og kom í stað eldri skipulagsskrár frá 3. des. 1962. Rekstur Verzlunarskólans heyrir því ekki undir menntamálaráðuneytið en 42. gr. frumvarpsins gegnir því hlutverki að heimila menntamálaráðherra að kaupa þjónustu skólans og gjalda fyrir þau kaup skv. ákvæðum 36. og 38. greinar. Með þeim hætti er komið á sambandi verkkaupa og verksala þar sem menntamálaráðuneytið er verkkaupi en Verzlunarskóli Íslands er verksali.

Jafnframt kveður greinin á um þær kröfur sem Alþingi setur fyrir viðskiptum þessum með ákvæði í 42. gr. sem hljóðar svo: „Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu þessara laga og samkvæmt námsskrám og reglugerðum sem settar verða.“

Skólastjórn er vissulega ljóst að viðskiptin eru bundin því skilyrði að skólinn uppfylli allar kröfur Alþingis og menntamálaráðherra, eins og þær birtast í almennti stefnumótun, lögum, reglugerðum og námsskrá. Jafnframt er skólastjórn það ljóst að uppfylli skólinn ekki þessar kröfur munu fjárveitingar til hans stöðvaðar, með sama hætti og venja er þegar verksali vanefnir samning.

Menntamálaráðuneytið er eini verkkaupinn sem Verzlunarskóli Íslands sem framhaldsskóli getur skipt við þar sem Alþingi hefur sett lög sem kveða á um að það skuli sjá um og kosta alla framhaldsskólamenntun. Af því leiðir að samband Verzlunarskólans og menntamálaráðuneytis er ekki með þeim hætti að tveir aðilar séu að semja um frjáls viðskipti sín á milli. Miklu fremur má segja að menntamálaráðuneytið setur fram sínar kröfur þegar því þykir ástæða til og Verzlunarskólinn uppfyllir þær, enda á hann aðeins einn annan valkost sem er að leggja sjálfan sig niður. Þessi skipan mála hefur verið frá árinu 1976 er lög um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi tóku gildi. Ekki er annað vitað en öllum aðilum, þ.e. menntamálaráðherra, skólastjórn og nemendum, hafi í öllum megin atriðum vel líkað þessi skipan mála og breytir þar engu um hvaða menn eða stjórnsmálaflakkar hafa skipað sæti menntamálaráðherra.

Á árunum 1970-80 bar nokkuð á því viðhorfi meðal stjórnarmanna Verslunarráðs Íslands að ráðið ætti að draga sig út úr rekstri Verzlunarskólans. Í dag virðist ríkja mikil eining meðal stjórnarmanna Verslunarráðsins um að standa að rekstri skólans með þeim hætti sem gert er. Ekki er því þörf á breytingu á 42. greininni til þess að bæta samskipti skólans og ráðuneytis, heldur einungis til þess að eyða misskilningi sem er annars staðar frá kominn.

Vegna þess hve samstarf Verzlunarskólans og menntamálaráðuneytis er náíð og snurðulaust hefur ýmsum aðilum reynst erfitt að skilja réttarstöðu skólans. Misskilningur manna hefur gengið svo langt að Lagastofnun Háskólans hefur sent frá sér álitgerð, sem Friðgeir Björnsson og Sigurður Línadal undirrituðu 14. september 1993 þar sem svo segir

orðrétt á bls. 4:

„Með lögum nr. 51/1976 um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi verður breyting á stöðu fastra kennara við Verzlunarskóla Íslands.“

Það liggur þó alveg ljóst fyrir að ekki vakti fyrir mönnum að breyta réttarstöðu Verzlunarskóla Íslands eða kennara hans með setningu laga nr. 51/1976. Ennfremur segir í lokaniðurstöðum álitargerðar Lagastofnunar bls. 23:

„Niðurstaða verður sú að fastráðnir kennarar þessa skóla séu ríkisstarfsmenn. Lög nr. 51/1976 fjalla almennt um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi og taka til allra skóla sem veita slíka fræðslu, þar á meðal Verzlunarskóla Íslands.“

Nú er ljóst að hvorki menntamálaráðherra né fjármálaráðherra líta á kennara Verzlunarskólans sem ríkisstarfsmenn, enda hefur ríkissjóður aldrei greitt þeim laun. En þar sem það vefst fyrir Lagastofnun Háskólans að skilja hver réttarstaða skólans er má ætla að á því sé nokkur nauðsyn að gera ákvæði laga þar um skýrari.

Samvinnuháskólinn Bifröst.

Ekki verður hjá því komist að gera athugasemd við þá grein frumvarpsins þar sem skólinn hér á Bifröst er nefndur á nafn, þ.e. gr. 42. Þar þykir mér brýnt að skólinn fái sitt rétta nafn, þ.e. Samvinnuháskólinn. Þetta nafn hefur verið viðurkennt af stjórnvöldum, m.a. í skipulagsskrá skólans, sem staðfest var af dómsmálaráðuneytinu í janúar 1990. Ekki er gerð athugasemd við efni greinarinnar, enda er það skýrt í greinargerð með frumvarpinu hvers vegna fjallað er um Samvinnuháskólann í framhaldsskólalögum þó svo skólinn hafi nú með höndum kennslu á háskólastigi.

43. gr.

Heimilt er að nýta skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma enda greiðist fyrir leiga sem nemur a.m.k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu. Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólahúsnæðis.

Hagnaði af leigu skólahúsnæðis og heimavista, sbr. 39. gr., skal verja til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

44. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Um fjárframlög til tilraunastarfs af þessu tagi fer samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og í leyfi kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

Hér er um mikilvæg atriði að ræða þar sem þau eru undirstaða þess að skólinn geti þróast með eðlilegum hætti.

45. gr.

Árlega skal veita fé á fjárlögum til þróunarsjóðs framhaldsskóla og heyrir hann undir menntamálaráðherra sem setur reglur um styrkveitingar úr sjóðnum.

Menntaskólinn við Sund.

Þróunarsjóður grunnskóla hefur starfað um nokkur undanfarin ár og látið ýmislegt gott af sér leiða. Því hlýtur að vera fagnaðarefni að lagt sé til að lögfestur verði *Þróunarsjóður framhaldsskóla*. Þar dugar þó lagabókstafurinn einn skammt, heldur verður að fylgja lögfestingunni eftir með *myndarlegum fjárframlögum* svo að sjóðurinn rísi undir nafni.

46. gr.

Menntamálaráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti.

XV. KAFLI

Gildistaka, brottfallin lög o.fl.

47. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. ágúst 1995 og skulu komin að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 1999–2000.

48. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, með áorðnum breytingum.

XVI. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði í 23. gr. um samræmd lokapróf úr framhaldsskóla skulu ekki komin að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 1999–2000.

II.

Ákvæði um starfsnám í 25.–32. gr. skulu vera komin til fullra framkvæmda innan fjögurra ára frá gildistöku laga þessara. Menntamálaráðherra setur í reglugerð áætlun um framkvæmd ákvæða greina þessara að höfðu samráði við samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, sbr. 26. gr. Ef þörf þykir skal fara fram endurskoðun þessara lagagreina í kjölfar úttektar á framkvæmd þeirra.

III.

Næstu fjögur ár frá gildistöku laganna getur menntamálaráðherra veitt heimild til að umsækjandi gangi undir verklegt sveinspróf í löggiltri iðngrein án undangengins skólanáms enda liggja fyrir: (a) vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár undir stjórn meistara; (b) vottorð iðnmeistara um að hann telji umsækjanda hæfan til að ganga undir sveinspróf og (c) umsagnir viðkomandi sveinafélags og starfsgreinaráðs. Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir þó ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla.

Almennar athugasemdir.

ASÍ/Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

Inngangur

Frumvarp til laga um framhaldsskóla er nýlega hefur verið kynnt af menntamálaráðherra er tímabært framlag yfirvalda til breytinga og þróunar á þessu skólastigi.

Lýst er stuðningi við helstu markmið frumvarpsins er felast í fjölgun námsleiða þ.e. starfsmenntabrautum, að gera framhaldsskólann aðgengilegan öllum m.a. með sértæku námi fyrir þá er lakastan námsárangur hafa fyrir, nýjum áherslum í stjórnun og rekstri, sterkari réttarstöðu nemenda varðandi þjónustuhlutverk skólans og loks tengsl og samstarf atvinnulífs og skóla.

Ljóst er að frumvarpið kallar á nýjar áherslur í fjárveitingum til framhaldsskólans. Þetta varðar fyrst og fremst starfsnámið sem eðli síns vegna kostar meira í peningum og aðstöðu en bóknám. Miðað við síauknar kröfur og þörf fyrir starfsnám í samfélaginu er eðlilegt að álykta að löggjafinn muni veita meira fé til skólastigsins en áður geri hann frumvarpið að lögum. Markmið frumvarpsins um starfsnám verður ekki að veruleika nema til komi auknar fjárveitingar.

Í umsögn þessari er hver frumvarpsgrein tekin fyrir og um hana fjallað eftir atvikum. Einnig eru nokkur atriði nefnd sem almennar athugasemdir þar sem þær hafa ekki beina skírskotun til frumvarpsgreina.

Almennar athugasemdir

Þjónustuhlutverk skólans við einstök byggðarlög.

Nauðsynlegt er að fram komi í lögum um framhaldsskólann ákvæði þar sem kveðið er á um þjónustuhlutverk skólans utan aðseturs hans. Brýnt er að gefa fólki kost á framhaldsskólanámi þar sem það býr hvort sem um er að ræða hefðbundið kennsluform eða sambland þess og fjarkennslu. Í þessu skyni gæti einnig þurft að breyta hefðbundnu kennsluformi í námskeið til hagræðingar. Námskeiðin væru einkum í undirstöðugreinum og skipulögð á þann hátt sem best hentar fullorðnu fólki.

Lágmarkskröfur um húsnæði og búnað.

Í lagatextanum þarf að koma fram að í aðalnámskrá eigi að skilgreina lágmarkskröfur um húsnæði, aðstöðu og búnað sem yrðu skilyrði þess að hægt væri að kenna tilteknar námsgreinar og hluta þeirra í einstökum skólum. Hvað starfsmenntun varðar munu starfsgreinaráð gera að nokkru grein fyrir kröfum á þessu sviði í aðalnámskrá. Hins vegar er talið rétt að lögbinda að í aðalnámskrá skuli skilgreina lágmarkskröfurnar fyrir allar námsgreinar sem kenndar eru í framhaldsskólanum. Samkvæmt 4. grein á menntamálaráðherra að hafa eftirlit með því að framhaldsskólar hafi fullnægjandi aðstöðu hvað varðar húsnæði og búnað. Til að ná markmiðum þessarar greinar þarf að kveða á um í lögum hvað ráðherra á að hafa til viðmiðunar í eftirlitsstarfi sínu.

Kennsluráðgjöf.

Innan hvers skóla þurfa kennarar að hafa aðgang að kennsluráðgjöf og ráðgjöf er snertir samskipti þeirra við nemendur. Námsráðgjöf snýr að nemendum en kennsluráðgjöf að kennurum. Þetta er mjög mikilvægt atriði þegar markmiðið er að skólar þjóni nemendum sínum sem best. Starf kennara er vandasamt og síbreytilegt í samræmi við ólíka nemendur og ekki hægt að ætlast til þess að þeir einir meti hvaða viðbrögð henti í öllum tilvikum. Hér er um hagsmunamál nemenda og kennara að ræða og um leið er kennsluráðgjöf eðlilegur þáttur í altækri gæðastjórnun og gæðastefnu skóla. Hins vegar þarf að ryðja þessari hugsun braut inn í skólana með lagaákvæði.

Setning reglugerða.

Lögð er áhersla á að til Alþýðusambands Íslands verði leitað og fulltrúar þess fái tækifæri til að hafa áhrif á efni reglugerða sem samdar verða á grundvelli framhaldsskólalaga.

Samtök tungumálakennara á Íslandi.

Stjórnin hefur ákveðið að minnast einungis á þá þætti sem snerta tungumálakennslu beinlínis, að öðru leyti vísun við til sameiginlegs álits HÍK og KÍ sem væntalega mun berast

nefndinni innan tíðar.

Stjórnin vill leggja áherslu á eftirfarandi:

- að eingöngu fagmenntaðir kennarar annist tungumálakennslu
- að nám í tungumálum verði á engan hátt skert frá því sem nú er
- að við gerð aðalnámskrár verði haft náið samstarf við tungumálakennara og fagfélög þeirra, sérstaklega um hversu mikið og hverskonar tungumálanám á að vera á hverri námsbraut
- að höfð verði samvinna við kennara um gerð og vægi samræmdra prófa, svo og mats á þeim
- að eflid verði samvinna kennara og Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála og Stofnunar í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands
- að tungumálakennurum er öðrum kennurum fremur nauðsynlegt að fá leyfi frá störfum til dvalar erlendis og þá ekki síst að vetrarlagi (sbr. 12. grein)

Stjórnin telur að mörg atriði í frumvarpinu séu mjög almennt orðuð og þarfnist nánari útfærslu. Þegar að henni kemur teljum við bráðnauðsynlegt að samtökin verði höfð með í ráðum um öll þau atriði sem varða tungumálakennslu.

Skólameistarafélag Íslands.

Stjórn og félagsmenn í SMÍ hafa lagt mikla vinnu í að veita umsögn um skýrslu Nefndar um mótun menntastefnu sem og frumvarp er fylgdi í kjölfar þeirrar skýrslu. SMÍ hefur lagt fram tvær umsagnir, aðra í febrúar 1994 og hina í mars 1994.

Nokkuð almenn samstaða virðist ríkjandi um þessar umsagnir og voru m.a. samþykktar á félagsfundi. Þess má geta að ekki næst oft samstaða innan SMÍ. Stjórn SMÍ vísar til fyrrgreindra umsagna en gerir sér þó grein fyrir að tiltekin atriði þeirra eru úr gildi fallin, s.s. um starfstíma skóla og ákvæði um rekstur framhaldsskóla. Stjórnin fagnar þeim breytingum.

Sem fyrr segir vísar stjórnin til fyrri umsagna sinna. Ýmsir ágætir þættir eru í frumvarpinu. Meginágreiningurinn er gerður um greinar 16 og 17. Stjórn SMÍ telur að þær muni færa íslenskt skólakerfi aftur um 20 ár og markmið frumvarpsins um áherslu á starfsnám náist á engan hátt með þeirri námsskipan sem kynnt er í frumvarpinu.

Samtök móðurmálakennara.

Undanfarin ár hefur mikil vinna verið lögð í endurskoðun laga um grunn- og framhaldsskóla en litlu verið til kostað að hrinda þeim í framkvæmd. Lög um framhaldsskóla frá 1988 fólu í sér fjögur fyrirheit en í ljósi þeirrar meðferðar sem þau hafa fengið, sökum fjárskorts eða tregðu yfirvalda til að standa við gefin loforð, er ástæða til efasemda og að framkvæmd laganna verði í skötu líki.

Stjórn Samtaka móðurmálakennara hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um framhaldsskóla. Þar sem það er viðamikil verk að fara ofan í saumana á lögnum í heild sinni höfum við ákveðið að einskorða okkur við þau atriði sem tengjast faglegum þætti kennslunnar, í þessu tilfelli íslenskunni, enda hafa önnur samtök kennara lagt mikla vinnu í að skoða lög in heild.

Menntaskólinn við Sund.

Ástæða er til að fagna því að fram skuli komið frv. til laga um framhaldsskóla því þá er þess að vænta að senn ljúki því *millibilsástandi* sem verið hefur í framhaldsskólum landsins undanfarin ár og hamlað hefur þróun skólastarfs með ýmsum hætti. Ljóst er að ýmsu því sem lagt er til í frv. hefði mátt ná fram með *breytingum á kjarasamningum kennara og endurskoðun námsskrár innan ramma núgildandi laga*. Þá vekur eftirtekt að mörg þau

áhersluatriði og nýmæli sem fram koma í skýrslu 18 manna nefndar og í frv. eiga sér samsvörun í skýrslunni „Til nýrrar aldar“. Með hliðsjón af því má ætla að nokkuð breið samstaða ætti að geta tekist um ný lög um framhaldsskóla. Þótt æskilegt sé að ný lög taki gildi sem fyrst skiptir þó að okkar dómi meira máli að *góð samstaða verði um málið* svo að skólarnir fái fast land undir fætur og sæmileg samfella geti orðið í starfi þeirra á komandi árum.

Félag áfangaskóla.

Þótt margt í skýrslunni og frumvarpinu sé mjög gott og horfi tvímælalaust til bóta, til dæmis kaflinn um fjármál, þá telur Félag áfangaskóla þá aðskilnaðarstefnu, sem tillögurnar um skólaskipanina byggjast á, mjög varhugaverða. Félagið bendir í því sambandi á að fjölmörgum atriðum sem nefndin nefnir til úrbóta í skólastarfi - og þau atriði eru mýmörg - væri hægt að hrinda í framkvæmd án nýrrar lagasetningar, einfaldlega með endurskoðun á Námsskrá handa framhaldsskólum. Sú endurskoðun er löngu orðin tímabær og því gerir Félag áfangaskóla það að tillögu sinni að vinna verði þegar í stað hafin við nýja námsskrárgerð þar sem tekið verði tillit til þeirra atriða í ábendingum nefndarinnar sem sæmileg samstaða er um að horfi til bóta. Það - ásamt eðlilegum fjárveitingum til skólastarfsins - yrði áreiðanlega vænlegri leið til umbóta en setning nýrra laga.

Fræðsluskristofa Reykjavíkurumdæmis.

Viðir Hafberg Kristinsson, forstöðusálfræðingur.

Í umsögn minni um frumvarp þetta vil ég einskorða mig við ákvæði er ég tel vanta í frumvarpið, en það eru ákvæði um sálfræðipjónustu við framhaldsskólanemendur.

Áður en núverandi framhaldsskólalög tóku gildi sat ég undirritaður í sérstakri ráðherraskipaðri nefnd sem fjallaði um ráðgjöf og sálfræðipjónustu við framhaldsskólanemendur. - Nefnd sú skilaði mjög góðum tillögum til menntamálaráðuneytisins um tilhögun slíkrar þjónustu sem tvímælalaust er þörf fyrir á þessu skólastigi.

Fastir starfsmenn ráðuneytisins, sem ekki sátu í nefndinni, tóku sig hins vegar til og snarþreyttu tillögum áður en þær höfnuðu í höndum ráðherra og voru þær þá ekki endurþekktanlegar af upphaflegri mynd sinni.

Eigi að síður eru í lögnum ákvæði þess efnis að semja megi við fræðsluskristofur um sálfræðipjónustu fyrir framhaldsskólanemendur, en í frumvarpi þessu eru engin slík ákvæði.

Í nefndinni hafði verið rætt á byrjunarstigi um að nemendur á framhaldsskólastigi ættu ef til vill að velja sjálfir hvert þeir leituðu slíkrar þjónustu.

Þau rök urðu hins vegar ofan á að margir skólanemendur væru þannig settir fjárhagslega, að þeir gætu ekki nýtt sér sálfræðipjónustu á frjálsum markaði, enda þótt þeir þyrftu hennar við.

Ef ástæða er til að tryggja framhaldsskólanemendum heilbrigðisþjónustu sbr. 13. grein þessa frumvarps, enda þótt slík þjónusta sé bæði aðgengilegri og ódýrari en sálfræðipjónusta á frjálsum markaði, þá er enn frekar ástæða til að tryggja aðgengi að sálfræðipjónustu fyrir framhaldsskólanemendur. Slíka þjónustu mætti veita með því að ráða sálfræðinga að stærstu framhaldsskólunum eða semja við sálfræðipjónustu grunnskólastigsins eða útvíkka þá þjónustu þannig að hún spannaði einnig framhaldsskóla í sveitarfélaginu.

Samlíf - Samtök líffræðikennara.

Stjórn Samtaka líffræðikennara lýsir ánægju með að frumvarp til laga um

framhaldsskóla skuli fram komið. Öll umræða um framhaldsskólann er til bóta og eykur líkur á betra skólastarfi. Óljóst orðalag er þó víða að finna í texta frumvarpsins sem má auðveldlega misskilja.

Við lestur frumvarpsins vekur athygli hve stjórnun skóla fær mikið rúm en störf og markmið skólastarf vege lítið. Af því má ráða að draga eigi mjög úr áhrifum kennara á stjórn skóla og er það miður. Tíundað er nokkuð nákvæmlega hverjir skuli skipa nefndir og ráð en minna er fjallað um skyldur skóla og ráðuneytis um samsetningu námsþátta, gæði náms og kennslu. Í greinargerð með frumvarpinu er um þetta fjallað en hún hefur ekki lagagildi.

Reglugerðir og aðalnámskrá eru ekki fram komnar og innihald þeirra því óljóst. Reikna má með að það sem stendur í greinargerð með frumvarpinu lýsi meginhugmyndum sem eftir eigi að koma þar fram. Það er mat okkar að eitthvað af þeim áherslum verði að taka inn í lagafrumvarpið.

Við fögnum sérstaklega þeim greinum sem ganga í þá átt að auka tilraunastarf í framhaldsskólum, 31. grein um kjarnaskóla og 44. og 45. grein um tilraunir í skólastarfi og um Þróunarsjóð framhaldsskóla.

Við styðjum allt það er orðið getur til að auka veg og virðingu náttúrufræðikennslu og vísinda í framhaldsskólum.

Hvergi er fjallað um námsefnisgerð í framhaldsskóla og hvernig skuli staðið að henni en það hlýtur að vera forsenda árangursríks skólastarfs.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Þess má að lokum geta að samkvæmt könnun sem gerð var af foreldrafélögum heyrnarlausra í ellefu löndum á heyrnarlausum nemendum við lok grunnskóla var læsi heyrnarlausra á sama stigi og nemenda í fyrstu bekkjum grunnskólans í öllum löndunum, sem könnunin náði til, nema einu en það var Svíþjóð. Þar var læsi og menntun á sama stigi og meðal heyrandi jafnaldrá. Í Svíþjóð var táknmál viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra árið 1980 og kennsla og uppeldi heyrnarlausra tekur mið af því. Af þessu má einnig vera ljóst að til þess að markmið leikskólans, grunnskólans og framhaldsskólans náist er alger forsenda að táknmálið sé viðurkennt og uppeldi og menntun heyrnarlausra byggist á því.

Iðnskólinn í Reykjavík.

Skólanefndin fagnar framkomnu frumvarpi og ýmsum nýjungum sem þar koma fram. Nefndin styður þá áherslu sem lögð er á starfsnám og tengsl skóla við hinar ýmsu starfsgreinar vinnumarkaðarins sem fram kemur í IX kafla frumvarpsins. Nauðsynlegt er að auka samvinnu og samskipti á milli grunn- og framhaldsskóla, þó svo að gerð séu skýr skil á kennslufræðilegu stigi.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundi skólanefndar 24. nóv. sl.:

„Skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu er sammála þeirri þrískiptingu sem fram kemur í frumvarpi til laga um framhaldsskóla. Með þeirri skiptingu er stigið skref til að koma íslenska framhaldsskólanum úr þeim ógöngum sem hann er í.

Skólanefnd leggur jafnframt áherslu á að tilvist Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu verði tryggð með framkvæmd laganna. Einungis með því að starfrækja öflugan framhaldsskóla í sýslunni næst markmið laganna „að öllum nemendum sem lokið hafa grunnskólanámi skuli tryggður aðgangur að námi í framhaldsskóla“.

Hið íslenska kennarafélag.

Starfsemi framhaldsskólans grundvallast á lögum um framhaldsskóla sem sett voru árið 1988 með áorðnum breytingum frá 1989. Voru þetta nokkur tímamót. Sex ára aldur er ekki hár þegar lög um skólahald eiga í hlut og er raunar svo að ekki hafa öll ákvæði framhaldsskólalaganna enn komist í framkvæmd.

Kennarafélögin hafa alvarlegar efasemdir um þörf eða gagnsemi nýrra laga um framhaldsskólann. Þeim virðist sem flest af því sem lagt er til í frumvarpinu hefði verið unnt að framkvæma innan núgildandi laga án þess að breyta þeim nokkuð ef raunverulegur vilji til framkvæmda hefði verið fyrir hendi.

Tilgangur menntamálaráðherra og nefndar hans með setningu nýrra laga um framhaldsskólann er alveg ljós um sum atriði en óljós og jafnvel óskiljanlegur um önnur. Það er til dæmis alveg skýrt markmið með frumvarpinu að auka miðstýringu og stöðlun í framhaldsskólunum. Um þetta vitnar m.a. mikil áhersla á samræmd próf, stöðlun markmiða, aukin miðstýring á innra starfi skóla og tilfærsla valds á færra hendur t.d. til menntamálaráðherra eða úr höndum skólamefnda til skólameistara. Það er sömuleiðis skýrt markmið í frumvarpinu að draga úr áhrifum kennara og annars fagfólks í skólum á stefnumörkun og ákvarðanatöku á efri stigum valdapýramídans.

Frumvarpið vegur að ráðningarréttindum kennara og skólastjórnenda með því að leggja til afnám skipunar í störf. Þessi ráðstöfun eykur einhliða vald skólameistara og/eða ráðherra og möguleika til geðþóttaákvæðana um mannaáráðningar. Skólar þurfa festu í mannahaldi og altént er það furðuleg ráðstöfun að setja þetta lagafrumvarp án þess einu sinni að orða það við samtök kennara hvernig með skuli farið.

Tengsl lagafrumvarpsins við lokaskýrslu Nefndar um mótun menntastefnu eru hins vegar um margt óskýr og kannske ekki að undra þar sem í þá skýrslu vantar víða alla útfærslu og/eða hugmyndir um úrlausn vandamála í skólakerfinu sem verið er að fjalla um. Dæmi um slíkt er t.d. umfjöllun um vanda nemenda á mörkum grunn- og framhaldsskóla. Ljóst er að framhaldsskólinn býður ekki öllum nemendum upp á nám sem svarar þörfum þeirra, áhuga og hæfileikum. Lokaskýrslan og lagafrumvarpið bjóða ekki upp á viðunandi lausnir á þessum vanda þar sem einungis er lagt til að nota einkunnir á grunnskólaprófi til námsaðgreiningar með öllum þeim annmörkum er slíku fylgja og síðan er mjög almennum orðum farið um það að efna skuli til náms á „almennri námsbraut“ er leiði til svokallaðs „framhaldsskólaprófs“ og rætt um að auk löggiltra iðngreina skuli boðið upp á „annað starfsnám“. Í hvorugu tilvikinu er ljóst hvert eiginlegt inntak og hver uppbygging þessa náms á að vera. Þetta eru ekki sannfærandi umbótatillögur til lausnar vanda þeirra nemenda er ekki finna nám við sitt hæfi í dag.

Sé raunverulegur vilji til stóreflingar starfsnáms ætti hann að skila sér í uppbyggingu grunndeilda, tillögum um ákveðnar, stuttar starfsnámsbrautir og í því að sporna við stjórnlausum útflutningi iðnnáms úr hinu opinbera menntakerfi yfir í einkageirann þar sem hagsmunir atvinnurekenda og málefni líðandi stundar ráða meiru um uppbyggingu náms og inntöku nemenda í það en góðu hófi gegnir.

Menntamálaráðherra hefur mjög á orði að verið sé að bjóða nemendum upp á fjölbreyttara nám en nú er og byggir það helst á hugmyndum um að „atvinnulífið“ sé reiðubúið til þess að koma með stórfé og vinnu inn í menntakerfið. Hins vegar felur frumvarpið í sér að kostir þeirra sem vilja stunda bóknám sem er mikill meiri hluti nemenda eru þrengdir verulega. Að leggja til að einungis verði þrjár bóknámsbrautir lýsir fremur afturhaldssömum sjónarmiðum um þarfir námsmanna og samfélagsins.

Reyndar er einnig í frumvarpinu og skýrslu nefndarinnar lögð allt of einstrengingsleg áhersla á að stúdentspróf sé einvörðungu undirbúningur undir háskólanám. Fjöldinn allur af nemendum fer til náms erlendis og þá ekki aðeins í háskólann heldur í margvíslegum

menntastofnunum af öðru tagi. Slíkum menntastofnunum sem í reynd eru starfsmenntaskólar fer einnig fjölgandi hér á landi.

Einkennileg hentistefna birtist í því hvernig hringlað hefur verið fram og aftur með starfstíma framhaldsskóla. Menntamálaráðherra hefur tekið til baka áform um að starfrækja framhaldsskóla í 10 mánuði á ári með 160 kennsludögum og stytta hann í 3 ár. Nú á skyndilega að hafa „starfstíma nemenda“ 9 mánuði á ári og kenna þar af 150 daga þ.e. aðeins 10 dögum skemur en gera átti á 10 mánuðunum. Greinargerð með frumvarpinu varpar engu ljósi á það hvernig á að koma því við að prófa nemendur á helmingi þess tíma sem nú er til þess notaður eða yfirleitt á raunverulega framkvæmd þessara breytinga sem kallar á breytta samninga við kennara og endurskoðun á skólaleyfum og margir skólamenn efast raunar um að þessar breytingar séu yfirleitt framkvæmanlegar.

Háskólinn á Akureyri.

Forsvarsmenn Háskólans á Akureyri hafa kynnt sér ofangreind frumvörp sem og skýrslu um mótun menntastefnu. Við þá vinnu hafa verið höfð til hliðsjónar ýmis greinaskrif (m.a. Atla Harðarsonar og Örnólfs Thorlaciusar í Morgunblaðið) og ályktanir sem birst hafa nýverið um þessi málefni á opinberum vettvangi.

Í upphafi er við hæfi að fagna skýrslu um mótun menntastefnu sem merku framlagi til skólamálaumræðu og uppsprettu nýrra hugmynda. Telja má eðlilegt að lagfæringar á íslensku skólakerfi á næstu árum taki mið af ábendingum úr skýrslunni. Hér er ekki talin ástæða til að ræða einstaka liði hennar nema hvað fagnað er sérstaklega áherslunni á eflingu starfsnáms. Ekki er einungis brýnt að skipulag slíks náms sé fært til nútímahorfs heldur ekki síður að starfsmenntun almennt sé hafin til vegs og virðingar í samfélaginu með markvissum aðgerðum.

Eðlilegt má telja að á grundvelli skýrslu um mótun menntastefnu sé leitað leiða til að ná fram markmiðum hennar með ýmiss konar breytingum á *efni* og *inntaki* náms á grunn- og framhaldsskólastigi. Eftir að hafa lesið frumvarp til laga um framhaldsskóla, gætir nokkurs efa um lagabreytingar af því tagi sem þar koma fram hafi verið þau amboð sem lágu næst garði. Þeirrar tilhneigingar hefur gætt í íslenska stjórnkerfinu, ekki hvað síst á sviði menntamála, að *form* sé tekið fram yfir *efni*: umfangsmiklar skipulagsbreytingar svelgi mátt manna svo árum skipti í stað þess að hugað sé að inntaki náms og námskosta. Nærtækt dæmi er breytingin yfir í áfanga- og einingakerfi í framhaldsskólanum sem skyggði nokkuð á aðra þróunarvinnu þar á ákveðnu tímabili. Smáskammtalækningar eru stundum affarasælli í menntamálum en umbyltingar; nú þegar nokkur ró hefur skapast um skipulagsmál framhaldsskólanna og tóm gefist til efnislegrar umþóttunar er spurning hvort nýr og umfangsmikill lagabálkur sé það sem þessu skólastigi kemur best.

Í framhaldsskólafrumvarpinu er að finna nokkur mikilsverð umbótaákvæði: leyfð eru ólík inntökuskilyrði á ólíkar brautir framhaldsskólans; kveðið er á um samræmingu lokaprófa í tilteknum greinum sem mjög munu auðvelda háskólum inntöku nemenda; einstökum skólum er léð aukið faglegt sjálfstæði og svigrúm veitt til verkaskiptingar; áttahagafjötrum er aflétt og nemendum heimilað að sækja um vist í framhaldsskóla hvar sem er á landinu. Lýst er ánægju með þessi nýmæli, sem og ýmis önnur sem í frumvarpinu felast, en er sem fyrr segir gætir nokkurs efa um að þurft hafi viðurhlutamikinn lagabálk til að hrinda þeim í framkvæmd. Hefðu ekki reglugerðarbreytingar eða minniháttar lagfæringar á nógildandi lögum nægt?

Annað í frumvarpinu orkar tvímælis. Fækkun bóknámsbrauta til stúdentsprófs úr þrettán í þrjár er til dæmis vísbending um þann formhengilshátt sem stundum þykir skyggja á nauðsynlegar efnisbreytingar. „Brautirnar“ skipta einfaldlega um nafn, verða „kjörsvið“ án þess að inntak námsins breytist endilega um leið.

Mikilvægustu ákvæði nýrra laga um framhaldsskóla ætti að vera að finna í greinum er varða starfsnám, enda er þörfin fyrir breytingar mest aðkallandi á því sviði. Nokkuð þykir skorta á að hugmyndir um nýbreytni í starfsnámi sem viðraðar eru á bls. 78-82 í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu endurómi í nýja framhaldsskólafrumvarpinu. Þörfinni fyrir byltingu og nýsköpun á sviði starfsmenntunar (t.d. í matvælaíðnaði) er tekur mið af langtímaáætlun um efnahagslega þróun og því besta sem gerist í öðrum löndum (t.d. Danmörku og Þýskalandi) er svarað hér á fremur veikburða hátt með nýju skipulagi; samstarfsnefnd um starfsnám og starfsgreinaráðum. Allt kann þetta að vera nýtilegt sem undanfari þess er gera þarf, en spurt er enn hvort ekki sé hér seilst um hurð til loku. Saknað er efnislegra tillagna sem ekki koðna niður í nefndafargani. Einnig er þess saknað að hygmyndir um gæðastjórnun í menntakerfinu, sem fá nokkurt rúm í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu (þótt fræðin séu ekki sett þar fram á mjög hnitmiðaðan hátt), skuli í frumvarpinu koðna niður í nokkur lágvær orð.

Háskólinn á Akureyri þakkar fyrir tækifærið til að láta í ljós álit sitt á ofangreindum plöggum. Ítrekuð er almenn ánægja með skýrslu um mótun menntastefnu sem skynsamlegan stökkpall til framfara í skólamállum, sem og velþóknun á nokkrum tilteknum atriðum framhalds- og grunnskólafrumvarpanna. En eins og fram hefur komið er efast um að nýrrar löggjafar sé endilega þörf til að hrinda þeim breytingum í framkvæmd, sem og að fyrirnefnda frumvarpið svari kalli tímans um uppstokkun í starfsmenntun Íslendinga.

Samtök iðnaðarins.

Í heild fagna Samtök iðnaðarins fram komnu frumvarpi, lýsa yfir stuðningi við meginefni þess og vona að frumvarpið fái gagnlega og uppbyggilega umræðu á þingi og verði sem fyrst að lögum.

Samtök iðnaðarins binda vonir við að frumvarp til laga um framhaldsskóla reynist góður grunnur til að byggja á nútímalegt skólastarf sem leiði af sér auknar og markvissari kröfur til nemenda, skóla og atvinnulífs. Forsenda þess að Íslendingar geti af heilum hug tekið aukinn þátt í alþjóðlegri samvinnu og samstarfi er sú að menntakerfið, ekki síst framhaldsskólakerfið, fóstri og laði fram metnaðarfullt starf hjá nemendum og skólamönnum. Um leið er öflugt skólastarf grunnur nýsköpunar og framfara í íslensku atvinnulífi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að námsbrautir skuli skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins. Samtök iðnaðarins taka undir þetta sjónarmið.

Samtök iðnaðarins fagna því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir aukinni þátttöku atvinnulífsins í stjórnun og stefnumótun í skólakerfinu. Slíkt mun kalla á meiri ábyrgð skóla og atvinnulífs og um leið skilvirkara samstarf. Um leið má ætla að skólarnir séu færari um að þjóna þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Mjög er til bóta að frumvarpið gerir ráð fyrir að innleiddar verði aðferðir til að meta skólastarfið, bæði kennslu- og stjórnunarhætti. Nemendur, heimili og skattgreiðendur eiga kröfu á því að árangur í starfi einstakra skóla verði metinn reglulega á eins hlutlægan hátt og kostur er.

Hér skiptir mestu máli hugarfarsbreyting innan skólanna sem gerir kleift að halda uppi öfluggu innra starfi í gæðamálum. Þar sem hægt er að koma á samkeppni milli skóla er sjálfsagt að efla hana. Mikilvægt er fyrir fyrirtækin í landinu að notaður sé hlutlægur mælikvarði sem námsárangur sé mældur eftir svo að stjórnendur geti haft til hliðsjónar við ráðningar í störf.

Samtök iðnaðarins fagna því að einkaaðilar og samtök geti stofnað skóla á framhaldsskólastigi.

Félag kennara í tré og byggingagreinum.

Á síðustu árum hefur óeðlilega mikil vinna farið í að semja lög og reglugerðir. Þessi vinna hefur ekki skilað sér í bættri verkmenntun, þvert á móti orðið til þess að hægt hefur á þróun vegna þess að menn eru stöðugt að bíða eftir nýjum reglum.

Verkmenntaskólar eru hér nú almennt 20-30 árum á eftir skólum í tæknivæddum nágrannalöndum. Dæmi þar um er að þýddar eru 2-5 ára gamlar kennslubækur sem hefur tekið 3-5 ár að semja. Á því einu sést að hér eru „nýjar kennslubækur“ 5-10 ára og er þá ekki reiknaður sá tími sem tekur að þýða og gefa út kennslubók en hann er í besta falli ár.

Spyrja má, hvað hafa verið gefnar út margar kennslubækur samdar fyrir íslenskar aðstæður á síðustu árum?

Orka starfsmanna ráðuneyta og skólamanna hefur farið í að semja lög og reglur í stað þess að skapa námsaðstæður í skólum fyrir verkmenntir. Bent skal á það hér að þegar Fjölbrotaskólinn í Breiðholti var stofnaður þurfi engin flókin lög, samt virkaði stofnun hans sem vítamínsprauta á verkmenntir landsins.

Til að koma verkmenntun hér á líkt ról og í nágrannalöndunum verður að veita auknu fé í að:

1. Hækka laun verkmenntakennara og sjá þeim fyrir og styrkja þá í endur- og símenntun.
2. Fjárfesta í nýjum tækjum, búnaði og aðstöðu.
3. Stórbæta námsgögn.

Einnig þarf að losa starfsmenn ráðun. úr laga- og reglugerðarvinnu og þar með gera þeim mögulegt að vinna með og fyrir verkmenntaskóla, samtök og fyrirtæki í því að bjóða upp á nám í takt við tímann. Ráðun. þarf að breytast í ráðun. fagkennslufræða sem hvetur og þjónar í stað þess að hemla og tefja.

Félag dönskukennara.

Mikil vinna hefur verið lögð í umfjöllun um skýrslu Nefndar um mótun menntastefnu og frumvörp um grunn- og framhaldsskóla af hálfu beggja kennarafélaganna og hafa þessar umsagnir verið sendar menntamálanefnd.

Stjórn Félags dönskukennara tekur undir umsagnir þessar. Sem faggreinafélag kennara leggjum við þyngri áherslu á sum atriði sem koma okkar sérgrein sérstaklega við. Í því sambandi vísuð við til ályktunar og bréfa sem menntamálaráðherra og Nefnd um mótun menntastefnu hafa verið send og við sendum menntamálanefnd hér með í afriti.

(Gögn sem vísað er til eru í möppum nefndarmanna.)

Menntaskólinn í Kópavogi, skólanefnd.

Almennt telur nefndin að auka beri faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði skólanna, en það verður ekki gert með samræmdum prófum, samræmdu námsefni og miðstýringu.

Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla er að mörgu leyti framfaraspor. Sérstaklega ber að fagna þeirri áherslu sem lögð er á starfsnám. Þá er viss samræming á námsefni og kröfum til bóta. Stjórn SKVOH er hlynnt því að aðferðum gæðastjórnunar verði beitt í skólastarfi eins og ráða má af 23. gr. frumvarpsins.

Fjölbrotaskólinn við Ármúla.

EKKI skal látið undir höfuð leggjast að svara erindi nefndarinnar, sem okkur barst á dögnum. Í upphafi skal þó tekið fram, að hér fara á eftir persónulegar skoðanir okkar, en ekki niðurstöður umræðna, sem vissulega hafa verið miklar hér í skóla síðan frumvarpið var

lagt fram, og sýnist víst sitt hverjum.

Við erum boðnir og búnir að koma á fund nefndarinnar hvenær sem er og ræða frekar þau atriði, sem hér er tæpt á og þó fleiri væru. Við minnum líka á, að aldrei skyldu breyta lögum fremur en öðru breytinganna vegna. Margt er hægt að gera innan núgildandi laga til bóta. Og sízt eiga menn að flaustra. Við hvetjum til aðgæzlu, ella gætu einhverjir tekið undir með Önundi tréfót, þeim ágæta garpi úr Grettis söug, sem orti þegar hann horfði yfir Strandir:

*Hef eg lönd og fjöld frænda
flýð, en hitt er nýjast,
kröpp eru kaup, ef hreppi eg
Kaldbak, en eg læk akra.*

Framhaldsskóli Vestfjarða.

Hugmyndir framvarps til laga um framhaldsskóla um aukið vægi verknáms eru góðra gjalda verðar, en komast ekki í framkvæmd nema verulegu fjármagni verði veitt til þessa þáttar.

Tvímælalaust þarf að bæta launakjör kennara, en það er líklega besta leiðin til að efla traust almennings á skólakerfinu og jákvæð viðhorf gagnvart því.

Til viðbótar skal þeirri skoðun komið á framfæri, að flutningur grunnskóla að öllu leyti til sveitarfélaga sé ekki heppileg ráðstöfun að svo stöddu, enda í andstöðu við samtök kennara. Hér ber að líta á það, að smæð og fámenni íslenskra sveitarfélaga eru með þeim hætti að mörg þeirra munu ekki í fyrirsjáanlegri framtíð ná að uppfylla þær lágmarkskröfur sem gera verður varðandi starfsemi grunnskóla.